

## Framtíðarsýn Actavis Stefnt á ystu sjónarrönd



## Þróun olíuverðs Á taflborði alþjóðamarkaðar



## Bala Murugan Kamallakharan Leitar fjárfestingar- tækifæra fyrir Glitni



## Hrósar bönkunum

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir banka hafa unnið vel úr þeirri erfiðu stöðu sem kom upp í kjölfar neikvæðrar umræðu um stöðu þeirra síðastliðu vor. „Við hjá FME vissum að staða bankanna væri traust og hvöttum þá því til að halda ró sinni, koma sjónarmiðum sínum á framfæri og láta verkin tala, sem þeir gerðu.“



JÓNAS FR. JÓNSSON, FORSTJÓRI FME

Jónas segir ánægjulegt að sjá að tekjur af grunnstarfsemi bankanna fari vaxandi. Tekjugrunnur bankanna sé orðinn fjölbættari, arðsemi eigin fjár sé góð og eiginfjárlutföll bankanna séu sterk.

Bankarnir þurfa að mati Jónasar að huga betur að innlánshlutföllum sínum þar sem þeir séu mjög háðir alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum með fjármögnun sína. Einnig þurfi þeir að gæta að kostnaðarhlutföllum þar sem þau hafi hækkað frá árinu 2005.

- hhs

## Glitnir fær skatt í hausinn

Glitni hefur verið gert að greiða 589 milljónir króna í skatt að meðtöldum sektum vegna samruna gamla Íslandsbanka og Framtaks fjárfestingarbanka árið 2004. Forsvarsmenn Glitnis töldu þá að skattaskuldbinding vegna þeirrar sameiningar hefði fallið niður.

Ríkisskattstjóri var ósammála túlkun Glitnis og úrskurðaði fyrir áramót að bankanum bæri að greiða skatt sem myndaðist við kaupin auk álagningar.

„Við erum búin að áfrýja þessu og munum sækja rétt okkar til dómstóla. En engu að síður er greiðsluskyldan skýr og þar af leiðandi er búið að gjaldfæra þetta í reikningum félagsins,“ segir Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis.

- eþa

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Hátt metnir** | Stærstu bankar Norðurlanda eru of hátt verðmetnir að mati Morgan Stanley. Hækkun þeirra hefur verið keyrð áfram af auknum umsvifum í fjármálalífnum og getgátum um frekari samþjöppun í geiranum.

**Skipt upp** | Ákveðið hefur verið að skipta upp fyrirtækinu Kreditkort hf. og færa útgáfu greiðslukorta og þjónustu við þau yfir í nýtt dótturfélag. Kreditkort er í eigu Glitnis, Landsbankans og sparisjóðanna.

**Meiri evrubréf** | Glitnir hefur gengið frá samningum um útgáfu skuldabréfa að upphæð 500 milljónir evra, um 45 milljarðar íslenskra króna, á föstum vöxtum sem nema 4,375 prósentum.

**Undirbúa slag** | Róbert Wessman, forstjóri Actavis, hefur staðfest að félagið hafi áhuga á að kaupa samheitalyfjahluta lyfjafyrirtækisins Merck KGaA. Kaupverðið gæti numið 360 til 450 milljörðum króna.



**Metið slegið** | Landsbankinn skilaði methagnaði upp á 40,2 milljarða króna á síðasta ári. Hagnaður bankans á fjórða ársfjórðungi var 14,1 milljarður króna, sem var langt umfram spár.

**Skoða sölu** | Novator íhugar að selja alla hluti félagsins í búlgarska símafyrirtækinu Bulgarian Telecommunications Company, BTC, sem var einkavætt fyrir þremur árum.

**Hvergi meiri** | Landsframleiðsla á manna Íslandi var 29 prósentum yfir meðaltali Evrópusambandsríkja árið 2005 samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum alþjóðlegs samborðar sem Hagstofan birti í vikunni.

**Leiða kaup** | Kaupþing fer fyrir hópi fjárfesta sem hefur keypt bresku tiskuvörverslunina Phase Eight. Kaupverðið var 51,5 milljónir punda sem nemur tæpum sjö milljörðum króna.

## Hlutafé Actavis í evrur

Stjórn Actavis undirbýr skráningu hlutafjár í evrum. Róbert Wessman, forstjóri félagsins, telur að ekki þurfi sérstaka heimild fyrir breytingunni frá öðrum en hluthöfum.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir  
skrifar

Actavis undirbýr nú að skrá hlutafé sitt í evrum. Tillaga um að stjórn verði heimilað að vinna að undirbúningi breytinganna verður lögð fyrir hluthafafund í næstu viku. Stjórnendur fyrirtækisins hafa þegar átt fundi með Kauphöll Ísland og Verðbréfaskráningu.

Actavis hefur fært bókhald sitt í evrum frá því árið 2003. Segir Róbert Wessman, forstjóri Actavis, breytinguna rökrétt framhald af því. „Okkar tekjur eru 99 prósent í erlendum gjaldmiðlum. Það er óheppilegt að stöðugar sveiflur séu á heildarverðmæti félagsins út af sveiflum á krónunni. Okkur finnst því eðlilegt að hafa bréfin í evrum.“ Actavis þarf ekki að sækja formlega um leyfi fyrir breytingunum til annarra en hluthafa sinna, að mati Róberts. „Það er ekkert þessu til fyrirstöðu hjá Kauphöllinni. Þetta snýst fyrst og fremst um tæknilega útfærslu.“

Stjórnendur Actavis gera ráð fyrir að breytingin geti gengið í gegn um mitt árið. Litlar sem engar breytingar þarf að gera í Kauphöll Íslands til að mögulegt verði að kaupa og selja hlutabréf í evrum. Það sem helst tefur er að Verðbréfaskráning þarf að taka nýtt greiðslumiðlunarkerfi í gagnið sem getur tekið nokkra mánuði. Þá á eftir að komast í ljós

hvort Seðlabanki Íslands verður áfram uppgjörsaðili félagsins eftir að breytt hefur verið yfir í evrum. Seðlabankinn hefur séð um slík uppgjör í íslenskum krónum. Ekki er talið ólíklegt að erlendur banki taki það hlutverk að sér.

Róbert segir tvennt hafa fælt erlenda fjárfesta frá því að eiga viðskipti á íslenska markaðnum. Annars vegar smæð hans og hins vegar sveiflur á gengi íslensku krónunnar. Samruni Kauphallar Íslands við OMX hafi því verið gæfuspör fyrir íslenska markaðinn. Það muni fyrst fara að sýna sig um mitt árið þegar allir þeir 150 kauphallaraðilar sem skráðir eru á OMX munu geta átt viðskipti með þau félög sem skráð eru hér. Hann telur að þetta, ásamt því að Actavis skrái hlutafé sitt í evrum, muni laða fleiri erlenda fjárfesta að Actavis. Þeir muni ekki lengur þurfa að verja sig gagnvart krónunni með tilheyrandi kostnaði. Hann segir áhuga erlendra fjárfesta þegar mikinn. Þeir erlendir bankar greini félagið og von sé á einum til tveimur til viðbótar á næstu mánuðum.

Breytingin á skráningu hlutafjárins mun að mati Róberts koma sér vel fyrir íslenska fjárfesta og hluthafa í Actavis. „Þetta mun gera íslenskum fjárfestum kleift að fjármagna sig í auknum mæli í evrum á móti bréfunum í sömu mynt. Fjármögnun í evrum kostar um tíu prósentum minna en í íslenskum krónum.“

## Hagnaður bankanna fjórfoldast frá árinu 2004

Eignir bankanna þrefalt hærri en verðmæti allra hlutabréfa í Kauphöllinni.

Hagnaður viðskiptabankanna nam samanlagt 163,7 milljörðum króna á síðasta ári samanborið við 93,2 milljarða króna árið 2005. Þetta gefur um 75,6 prósentu aukningu á milli ára og er tæplega fjórfalt meiri hagnaður en árið 2004 þegar afkoma bankanna var 41,8 milljarðar.

Árið 2003 nam hagnaður viðskiptabankanna 16,4 milljörðum króna sem er lægri upphæð en hagnaður Kaupþings (18,1 milljarður) á fjórða ársfjórðungi.

Gjaldfærður tekjuskattur var 27,1 milljarður króna á síðasta ári og jókst um 28 prósent á milli ára.

Heildareignir bankanna uxu mjög hratt á síðasta ári og stóðu í 8.475 milljörðum króna í árslok. Til samanburðar námu þær 5.418 milljörðum við lok árs 2005 og hækkuðu því um 56 prósent. Þetta samsvarar sjöfaldri áætlaðri landsframleiðslu síðasta árs, nærri sexfaldri heildareign líf-

eyrissjóðakerfisins í lok nóvember og rúmu þreföldu markaðsvirði allra hlutabréfa í Kauphöll Íslands í árslok sem var um 2.596 milljarðar króna.

Eigið fé viðskiptabankanna þriggja var 614 milljarðar króna og hækkaði um nærri 58 prósent á milli ára.

- eþa

### HAGNAÐUR BANKANNA 2003-2006

	2006	2005	2004	2003
Kaupþing	85,3	49,3	17,7	7,5
Landsbankinn	40,2	25	12,7	3,1
Glitnir	38,2	18,9	11,4	5,8
<b>Alls</b>	<b>163,7</b>	<b>93,2</b>	<b>41,8</b>	<b>16,4</b>

120  
ÍSSKÍ  
2006

Örugg ávöxtun  
í þeirri mynt  
sem þér hentar

Peningabréf  
Landsbankans

ISK  
13,3%\*

GBP  
5,7%\*

USD  
5,3%\*

EUR  
3,2%\*

Markmið  
Peningabréfa er  
að ná hærri ávöxtun en  
millibankamarkaður og  
gjalddeyriseikningar. Enginn  
munur er á kaup-  
og sölugengi.



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðslysingar og útdráttar úr útböðslysingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. desember 2006 - 3. janúar 2007.

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
365	-5%	-10%
Actavis	0%	10%
Alfesca	-1%	-2%
Atlantic Petroleum	1%	0%
Atorka Group	-3%	-2%
Bakkavör	1%	6%
FL Group	-1%	15%
Glitnir	2%	9%
Hf. Eimskipafélagið	1%	2%
Kaupþing	0%	11%
Landsbankinn	3%	13%
Marel	0%	-4%
Mosaic Fashions	5%	4%
Straumur	2%	7%
Össur	0%	0%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

# FL komið í mjölið og lýsið

Hlutur FL Group, Samherja og Glitnis í Copeinca metinn á 1,7 milljarða

Norskt dótturfélag FL Group er, ásamt Orkla ASA, þriðji stærsti eigandinn í perúska fiskimjöls- og lýsisframleiðandanum Copeinca sem fór á markað í Ósló í byrjun vikunnar. Bréfin hækkuðu á fyrsta viðskiptadegi um þrettán prósent frá því gengi sem fagfjárfestum bauðst að kaupa á í desember og má ætla að FL hafi grætt níutíu milljónir króna á 3,8 prósent hlut.

Fleiri íslenskir fjárfestar eru einnig áberandi í hluthafahópnum: Samherji/Síldarvinnslan á



FRÁ SKRÁNINGU COPEINCA Í ÓSLÓ FL Group og fleiri íslenskir fjárfestar eru meðal stærstu hluthafa.

3,2 prósent hlut og Glitnir Bank Equity Investment fer fyrir 1,9 prósentum. Hlutur Íslendinga nemur að minnsta kosti 1,7 milljörðum að markaðsvirði.

Eins og komið hefur fram á síðum Markaðarins seldi Glitnir nýtt hlutfélag í Copeinca fyrir sjö

milljarða króna í lokuðu útboði í desember og sá í framhaldinu um skráningu félagsins í hina alþjóðlegu sjávarútvegskauphöll í Ósló. Stærstu hluthafarnir eru eftir sem áður fjölskyldurnar tvær sem stýra félaginu.

Perú er stærsti framleiðandi og útflytjandi fiskimjöls og lýsis í heiminum og sjá menn fyrir sér mikla samþjöppun í greininni á næstu árum. Copeinca ætlar til dæmis að nota þá fjármuni sem söfnuðust í útboðinu til að vaxa hratt á heimamarkaði.

## Heimild veitt

Fjárfestingafélagið FL Group fékk í gær formlega heimild frá Fjármálaeftirlitinu til að eiga og fara með virkan eignarhlut í Glitni Banka hf. samanber lög um fjármálafyrirtæki. Með heimildinni fær FL Group atkvæðarétt í stjórn Glitnis í samræmi við eignarhlut félagsins í bankanum.

FL Group átti um tíu prósent hlut í Glitni við upphaf síðasta árs en bætti við eignarhlut sinn jafnt og þétt mánuðina á eftir. Undir lok árs nam hlutur FL Group í Glitni 30,4 prósentum og er fjárfestingafélagið stærsti einstaki hluthafinn í bankanum.

- jab

## Álagið hefur lækkað um einn punkt á dag

Skuldatryggingarálag (CDS) á íslensku bankana lækkaði í gær meðan álagið hækkaði almennt á markaði. Þannig bötnuðu kjör íslensku bankanna meðan þau rýrnuðu almennt hjá öðrum.

„CDS markaðurinn hefur almennt verið að hækka í dag um einn til tvo punkta, meðan álagið á íslensku bankana lækkaði um einn punkt,“ segir Ingvar H. Ragnarsson, forstöðumaður alþjóðlegrar fjármögnunar Glitnis. „Kjör íslensku bankanna hafa því hlutfallslega verið að batna meira.“



INGVAR H. RAGNARSSON

Í gær nam skuldatryggingarálag á skuldbréf Landsbankans og Glitnis 30 punktum, en 41 punkti á bréf Kaupþings og hefur því lækkað um punkt á dag síðan á fimmtudag.

Ingvar kveðst eiga von á því að kjör bankanna haldi áfram að batna þótt ekki eigi hann svo sem von á dramatískum breytingum í kjölfar góðra uppgjóra. „Menn bjuggust við góðum uppgjörum og umræðan ekki á þá leið að von væri á vondum fréttum,“ segir hann.

- óká

## Kaupþing gefur ekkert eftir

Hagnaður fór yfir 85 milljarða. Bankinn, sem hefur burði til að ráðast í eitt hundrað milljarða króna yfirtöku, jók eignir á síðasta ári um eina og hálf landsframleiðslu.

Eggert Þór Aðalsteinsson  
skrifar

Hagnaður Kaupþings nam 85,3 milljörðum króna árið 2006 sem er mesti ársagnaður íslensks fyrirtækis. Til samanburðar hagnaðist Kaupþing um 49,3 milljarða árið áður. Afkoma bankans á fjórða ársfjórðungi var vel yfir afkomuspám; bankinn tók inn 18,1 milljarð sem er 3,3 milljarða aukning á milli ára. Arðsemi eigin fjár fór yfir 42 prósent og hækkaði um átta prósentustig.

Fjárfestar tóku niðurstöðunni fagnandi og höfðu hlutabréf bankans hækkað um eitt prósent skömmu eftir hádegi. Stóð gengið þá í 940 krónum á hlut.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, segir að metaframa hafi orðið á öllum afkomueiningum og í öllum þeim löndum er bankinn starfar í. „Það er góður vöxtur í bankanum. Við höfum verið að samþætta reksturinn á síðasta ári og réðumst ekki í neinar nýjar yfirtökur. Þá höfum við verið að ráða inn mikið af fólki, í Bretlandi, Noregi og Danmörku og þetta er einfaldlega farið að skila sér.“ Hann er einnig kátur með fjórða ársfjórðung, þar sem mörg lítil verkefni skiluðu góðri afkomu.

Aðspurður um hvort félagið geti toppað síðasta ár segir Hreiðar Már að það verði ekki auðvelt verkefni. Menn þar á bæ treysti sér til að ná yfir tuttugu prósent árlægri arðsemi eigin fjár og þá ætti afkoma að fara nokkuð yfir sextíu milljarða.

Forstjórinn áætlað að bankinn geti ráðist í um eitt hundrað milljarða króna yfirtöku á öðrum bönkum, en bendir þó á að innri vöxtur Kaupþings sé hraður og því þurfi félagið ekki á yfirtökum að halda í augnablikinu. „Við munum fylgjast vel með og grípa réttu tækifærin þegar þau birtast.“

Mikill vöxtur var í þóknunartekjum sem námu 37 milljörðum króna árið 2006 og jukust um 66 prósent á milli ára, þær tvöfölduðust á fjórða ársfjórðungi. Hreinar vaxtatekjur voru 52,4 milljarðar og jukust um sextíu prósent. Gengishagnaður og aðrar tekjur námu tæpum 77,6 milljörðum króna en koma að stórum hluta til af skráningu og sölu hlutabréfa í Exista. Hreiðar segir að Kaupþing hafi hagnast um 74-75 milljarða króna fyrir skatt að slepptum ágóða af Exista. Alls voru hreinar rekstrartekjur 167,2

### MESTI ÁRSAGNAÐUR ÍSLENSKS FÉLAGS

Upphæð	Félag	Ár
85,3	Kaupþing	2006
50,3	Exista *	2005
49,3	Kaupþing	2005
40,2	Landsbankinn	2006
38,2	Glitnir	2006

\* Exista var óskráð fyrirtæki 2005

Allar tölur í milljörðum

milljarða árið 2006, samanborið við 102 milljarða árið áður.

Rekstrarkostnaður var í heild sextíu milljarðar króna og jókst um 69 prósent frá fyrra ári.

Heildareignir Kaupþings voru komnar í 4.055 milljarða króna í árslok og hækkuðu um 1.515 milljarða, þar af útlán um 1.000 milljarða. Heildareignir hækkuðu því um eina og hálf landsframleiðslu. Eigið fé nam 323 milljörðum, á móti 194 milljörðum árið áður, og var eiginfjárlutfall (CAD) fimmtán prósent.

## Skýra eignarhald óskráðra bréfa

Kaupþing hefur fjárfest töluvert í óskráðum hlutabréfum um árin og ætlar að halda því áfram, þó með ákveðinni breytingu. „Við ætlum að stofna nýjan sjóð þar sem við munum bjóða viðskiptavinum okkar að fjárfesta líka í. Við munum halda áfram að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum, einungis í gegnum sjóðinn í stað þess að fara beint inn á okkar efnahagsreikning,“ segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri bankans. Hefur sjóðurinn fengið nafnið Kaupþing Capital Partners II.

Markmið breytinganna er að vinna að stærri verkefnum með meira fjármagni, gera eignarhald og virði félaga gegnsærra og skýrara og vonandi að auka tekjur bankans, að sögn Hreiðars Má. Hann býst við að framtakinu verði vel tekið af alþjóðlegum skuldaþræfingum. Óskráð hlutabréf voru 45,2 milljarðar í árslok, þar af átti bankinn 28 prósent í Símanum, en virði skráðra bréfa voru tæpir 114 milljarðar.

- eþa

## Útlán aukast í erlendri mynt

Ásókn í erlend lán virðist hafa hafist eftir gengisfall krónunnar síðasta vor, segir greiningardeild Kaupþings banka. Í skrifum bankans kemur fram að mikill vaxtarkippur hafi verið í gengisbundnum lánum í desember. Aukning frá fyrra mánuði nam tólf prósentum. „Á sama tíma jukust verðtryggt lán aðeins um 0,9 prósent milli mánaða,“ segir bankinn.

Í ársbyrjun 2006 segir Kaupþing að fjögur prósent af lánun heimilanna hafi verið gengistryggt, en hlutfallið hafi núna um áramótin verið komið í tíu prósent. „Þessi aukna ásókn í erlendar myntir skýrist af miklum vaxtamunum við útlönd sem virðist ekki ætla að minnka í bráð. Fjölmíðlar hafa einnig verið duglegir að benda á kosti erlendra lána umfram hin íslensku verðtryggt lán.“

Bankinn segir vert að veita því athygli að meðan stýrivextir Seðlabankans standi í methæðum



JENIN TALIN Vinsælasta erlenda myntin til lántöku segir Kaupþing tvímælalaust vera japanska jenið. Jenið er í veikari kantinum um þessar mundir og hefur ekki verið veikara gagnvart Bandaríkjadala í fjögur ár.

MARKAÐURINN/AFP

aukist engu að síður innlend útlán bankastofnana. Aukningin er mest í gengisbundnum útlánun en á sama tíma dragast skammtímalán á borð við yfirdrátt saman milli mánaða. „Samtímis er fasteignamarkaðurinn í nokkurri ládeyðu. Þetta gæti bent til þess að einstaklingar og fyrirtæki séu að endurfjármagna skammtímalán sín að einhverju leyti í erlendri mynt,“ segir bankinn og telur því ef til vill ekki hægt að gera ráð fyrir jafn miklum samdrætti í einkaneyslu og sumar hagvaxtarspár geri ráð fyrir.

- óká

LÍTUR VEL ÚT  
**SANTAFE**

Bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jeplinga

Hyundai kynnr nýja kynslóð stærri sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrælsi dugmikils jeppa. Pitt er valið.

Verð frá kr. 3.740.000

Hlaðinn staðalbúnaði  
Komdu í reynsluakstur



Bíll á mynd: Santa Fe GLS lux, 2,2 dísel - 7 manna.

**HYUNDAI** hefur gæðin



*Myntlán*



# Gæti lán í erlendri mynt verið lausnin?

**SPRON Myntlán** eru veitt til kaupa, framkvæmda eða endurfjármögnunar á íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði. Unnt er að taka fullt **SPRON Myntlán** eða blandað lán þar sem helmingur lánsins er myntlán og hinn helmingurinn í íslenskum krónum.

Upplýsingar í næsta útibúi **SPRON** í síma **550 1200**, í þjónustuveri í síma **550 1400** eða á **spron.is**



## HUGTAK VIKUNNAR

**Virkur eignarhluti** er eignarhlutdeild sem gerir eigandanum kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun fyrirtækisins sem hann á í.

Í lögum um verðbréfavíðskipti er virkur eignarhluti sagður „bein eða óbein eignarhlutdeild í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem nemur 10 prósentum eða meira af eigin fé þess eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir það kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun fyrirtækis sem eignarhlutdeild er í“.



## Fæla frá sér erlenda fjárfesta

Kaupþing og aðrir bankar í Danmörku græða á skattabreytingum Dana.

Fyrirhugaðar breytingar á danskri skattalöggjöf þar sem skattur á fyrirtæki er lækkaður, en um leið dregið úr heimildum til að færa fjármagnskostnað á móti sköttum, eru sagðar koma fjármálafrýðingum sérstaklega vel. Þannig myndi gæti til dæmis Kaupþings aukist svo næmi hundruðum milljóna króna. Önnur fyrirtæki kunna svo að bera skarðan hlut frá borði.

Þannig hefur Ole Vagner, forstjóri fasteignafélagsins Keops sem Baugur á þríðjung í, forðæmt breytinguna. Hlutabréf

félagsins og fleiri svipaðra féllu í verði þegar upplýst var um fyrirtætlánirnar sem þó hafa ekki verið kynntar að fullu. Fyrir þeim er sagður þingmeirihluti og stendur til að koma þeim í gegnum þingið í vor. „Mér finnst með ólíkindum að við skulum hafa stjórn sem hefur jafnlitla innsýn í danskt viðskiptalíf,“ segir hann í viðtali við Børsen.

Í sama streng tekur Skarphéðinn Berg Steinarrson, framkvæmdastjóri norrænna fjárfestinga hjá Baugi. Hann talar um arfavitlausu aðgerð sem

fæla muni frá erlenda fjárfesta. Skarphéðinn segist vantrúaður á að frumvarpið fari óbreytt í gegn. „Enda eru Danir ekkert öðruvísi en aðrar þjóðir með að þeir vilja laða til sín erlenda fjárfestingu.“

Skarphéðinn Berg telur engu að síður að breytingarnar eins og þær hafi verið kynntar hafi óveruleg áhrif á starfsemi félagsins og fyrirtæki þess. „Eftir því sem við komumst næst munu þessar breytingar ekki ná yfir félög sem eru með sínar skuldir í félögum utan Danmerkur.“ - ók

## OMX setur veltumet

Metvelta var í hlutabréfavíðskiptum OMX Nordic Exchange kauphöllunum síðasta fimmtudag, en þar á meðal er íslenska kauphöllin. Dagsveltan nam 8.395 milljónum evra, eða yfir 747 milljónum íslenskra króna. Síðasta fimmtudag nam hlutabréfavelta í íslensku kauphöllinni rúmum fimm milljónum króna.

Fyrri dagsmet var frá því 21. apríl í fyrra, en þann dag nam veltan 7.957 milljónum evra, eða rúmum 708 milljónum. - ók



## Samþjöppun áfram líkleg í sjávarútvegi

Arðsemi var góð á síðasta ári segir í skýrslu Glitnis.

Útlit er fyrir að árið í ár og það næsta verði góð í íslenskum sjávarútvegi, enda eru ytri aðstæður hagstæðar um þessar mundir sökum hás afurðaverðs og lækkunar á gengi krónunnar. Þetta kemur fram í skýrslu sjávarútvegsteymis Glitnis um íslenskan sjávarútveg.

Valdimar Halldórsson, sérfræðingur hjá Glitni, segir að tilgangur skýrslunnar sé aðallega að upplýsa erlenda viðskiptavinum bankans um stöðu íslensks sjávarútvegs.

Fram kemur að mikil samþjöppun hafi átt sér stað í útgerðinni og ráði tíu stærstu fyrirtækjum um helmingi alls aflamarks. Ekkert bendir til annars en að þróunin verði í átt til meiri samþjöppunar fyrirtækja á næstunni. Nokkrir þættir skýra þessa þróun, svo sem vaxandi samkeppni innan- og utanlands, kröfur um



**ARÐSEMI Í VEIÐUM OG VINNSLU VEX** í skýrslu Glitnis er spáð áframhaldiandi samþjöppun í sjávarútvegi.

stærðarhagkvæmni og auknar kröfur um bætta arðsemi útgerðarfyrirtækja.

Þá kemur fram að arðsemi í veiðum og vinnslu hafi farið vaxandi á síðustu 26 árum. Glitnir spáir því að EBITDA-framlegð af tekjum hjá íslenskum útgerðum hafi numið um 24 prósentum í veiðum og þrettán prósentum í vinnslu á síðasta ári sem yrði mikil aukning frá árinu 2005. - eþa

## Glitnir horfir til kaupa á þóknunartengdri starfsemi

Hagnaður bankans og rekstrartekjur tvöfölduðust á milli ára. Þóknunartekjur eru í fyrsta skipti orðnar meiri en hreinar vaxatekjur. Viðbúið að eiginfjárhlutaföll lækki í ár.

Eggert Þór Aðalsteinsson  
skrifar

„Við erum að koma út með afkomu sem er betri en við höfum nokkru sinni upplifað. Hagnaðurinn er 38,2 milljarðar króna sem er rétt rúmlega tvöföldun þess hagnaðar sem við sáum árið 2005,“ sagði Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, á afkomufundi í gær. Hreinar rekstrartekjur ársins voru 72,6 milljarðar og hækkuðu um 99 prósent á milli ára. Arðsemi eigin fjár á árinu var 39,4 prósent samanborið við þrjátíu prósent árið áður.

Á fjórða ársfjórðungi nam hagnaður Glitnis 9,3 milljónum króna sem var rúmum þrjú hundruð milljónum króna yfir meðaltalsspá greiningaraðila, en þó undir afkomuspá Landsbankans.

Bjarni segir rekstur bankans á fjórða ársfjórðungi einkennast af því að þóknunartekjur (10,3 milljarðar), einkum vegna stórra fyrirtækjaverkefna, eru í fyrsta skipti orðnar hærri en hreinar vaxatekjur (8,5 milljarðar).

Þegar hreinar rekstrartekjur ársins 2006 eru kannaðar kemur í ljós að hreinar vaxatekjur voru ríflega helmingur þeirra samanborið við 64 prósent árið áður. Þóknunartekjur voru 36 prósent samanborið við 24 prósent árið 2005 en markmið stjórnenda bankans er að auka vægi þessa tekjubáttar í fjórutíu prósent.

Mikill vöxtur þóknunartekja segir því sögu Glitnis árið 2006. Árið 2005 einkenndist aftur á móti fyrst og fremst af tvöföldun efnahagsreiknings eftir kaup á BN Bank.

Fjárhagslegur styrkur bankans (CAD) jókst talsvert í öllu umrötnu á síðasta ári og var fimmtán prósent í lok árs. Viðbúið er að hlutfallið muni lækka á þessu ári, enda eru fjárhagsleg markmið nokkru lægri, að sögn Bjarna. Hann segir að þetta þýði að bankinn geti þolað miklar sveiflur á gengi íslensku krónunnar

### HAGNAÐUR GLITNIS OG SPÁR

Hagnaður Glitnis	9.317
Spá Kaupþings	8.300
Spá Landsbankans	9.632
Meðaltalsspá	8.966

\* Upphæðir í milljónum króna



**BJARNI ÁRMANNSSON** Bjarni sem er forstjóri Glitnis kynnti afkomu bankans á fundi laust eftir klukkan níu í gærmorgun. MARKAÐURINN/GVA

en jafnframt vaxið með innri og ytri vexti. „Við erum nokkuð bjartsýn á að við getum haldið góðum innri vexti á árinu, en jafnframt séum í stöðu til að takast á við fyrirtækjakaup.“ Bankinn horfir einkum til Norðurlanda og Bretlands með kaup á kjarnatengdri starfsemi í huga.

Rekstrarkostnaður ársins 2006 nam 27,3 milljónum og jókst um tæp 74 prósent. Á fjórða ársfjórðungi námu gjöld 8,7 milljónum sem var 35 prósent aukning frá sama tíma í fyrra. Bjarni segir að kostnaðarhlutfall upp á 37 prósent sé undir langtíamarkmiðum og mjög ásættanlegt miðað við þær breytingar sem hafa orðið á starfsemi bankans.

Heildareignir bankans voru komnar í 2.246 milljarða króna í árslok. Þetta er um 53 prósent aukning á milli ára. Eigið fé bankans var 146 milljarðar og jókst um 62 milljarða, eða 73 prósent. Hækkun eigin fjár er annars vegar komin til vegna hagnaðar ársins og hins vegar vegna útgáfu nýs hlutfjár.

## Óvissa með tryggingabætur

Alþjóðlega matvælafyrirtækið Bakkavör Group birtir niðurstöður fyrir árið 2006 í dag. Félaginu er spáð hagnaði á bilinu 1.351-4.245 milljóna króna fyrir fjórða ársfjórðung 2006. Þessi mikli munur skýrist af því að greiningardeildir Glitnis

### SPÁR UM AFKOMU BAKKAVARAR Á 4. ÁRSFJ. 2006\*

Spá Glitnis	4.232
Spá Kaupþings	1.351
Spá Landsbankans	4.245
Meðaltalsspá	3.276

\* Upphæðir í milljónum króna

og Landsbankans búast við að tuttugu milljóna punda (2,7 milljarðar) tryggingabætur vegna bruna, sem varð í verksmiðju Geest árið 2005, hafi fallið inn fyrir árslok, en Kaupþing gerir ekki ráð fyrir slíku í sinni spá.

Burtséð frá þessu atriði er ljóst að afkoma Bakkavarar gæti orðið töluvert betri en á síðasta ársfjórðungi ársins 2005 þegar hagnaður nam rúmum 1,2 milljónum króna.

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2006 hagnaðist félagið um 4,6 milljarða króna, um 34,9 milljónir punda. - eþa



## Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Notaðu mest lesna\* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

- Vel lesið

\*Gallup maí 2006



# HP Á HEIMSINS STÆRSTA AÐDÁENDAKLÚBB!

100 MILLJÓNIR LASERJET PRENTARA HAFA TRYGGT STÓRA  
OG SMÁA SIGRA Á SKRIFSTOFUGÖNGUM UM ALLAN HEIM!

Það eru margar góðar ástæður fyrir brosum á andlitum HP LaserJet notenda. Ein af þeim er sú að þeir vita að þeir geta stólað á prentarann. Í 23 ár hefur HP sett viðmiðið í rekstaröryggi, nýsköpun, þjónustu og notendavænleika. Í stuttu máli sagt hefur HP verið í forystu í prentaratækni sem tryggir að viðskiptavinir okkar fá sem besta nýtingu út úr prenturum og sem mest fyrir peninginn. Kynntu þér einstaka eiginleika HP LaserJet prentaranna og mismunandi kosti þess að vera með hágæðaprentara á skrifstofunni þinni. Farðu inn á [www.ok.is/HPklubbur](http://www.ok.is/HPklubbur) strax í dag. Við erum viss um að þú verður fyrir en varir orðinn hluti af heimsins stærsta aðdáendaklúbbi.

NÚ ERU VALDIR HP LASERJET PRENTARAR Á TILBOÐSVERÐI



Farðu inn á [www.ok.is/HPklubbur](http://www.ok.is/HPklubbur)  
og kynntu þér einstaka HP LaserJet prentara

OPIN KERFI

## Metár hjá BMW

Þýski bílaframleiðandinn BMW seldi 1,37 milljónir nýrra bíla undir merkjum fyrirtækisins um allan heim í fyrra. Tekjur fyrirtækisins námu 49 milljörðum evra, jafnvirði rúmra 4.400 milljarða íslenskra króna, á tímabilinu. Síðasta ár fer í afrekaskrár bílaframleiðandans sem besta árið fram til þessa.

Norbert Reithofer, stjórnarformaður BMW, sagði í samtali við breska ríkisútvarpið þetta vera met í



sögu þýska bílarisans og bætti við að fyrirtækið ætli að gefa í á þessu ári og bæta metið á ný.

Greinendur eru hins vegar á öðru máli en þeir telja að sala á bensínháku á borð við BMW muni dragast saman á næstunni enda geri bæði reglugerðir hvers konar og neytendur sjálfir auknar kröfur um sparneytnari og umhverfisvænni bíla en áður. - jab

## Bretarnir komnir til Kína

Tesco, stærsta verslunarkeðjan í Bretlandi, opnaði í síðustu viku verslun undir eigin nafni í útjaðri Peking. Þetta er stórt skref fyrir verslunarkeðjuna, en fyrirtæki á Vesturlöndum sjá gríðarlega vaxtar möguleika í Asíu.

Litlu munaði að Tesco næði að landa samningum um rekstur verslana á Indlandi í samstarfi við þarlanda aðila en upp úr slitnaði síðasta haust og missti keðjan tækifærið í hendurnar á bandarísku verslanakeðjunni Wal-Mart.

Breskir fjölmiðlar segja vest-rænan varning standa Kínverjum til boða. Hann hefur hins vegar hreyfst lítið úr hillum verslunarinnar. Öðru máli gegni hins vegar um kínverskt góðgæti á borð við grísaskanka og skjaldbökur, svo eitthvað sé nefnt.

Þetta þykir ekkert nýnæmi í Kína enda bendir breska fréttastofa Sky til dæmis á það að sömu sögu sé að segja af rekstri verslunarkeðja á borð við Wal-Mart og frönsku keðjunni Carrefour,



**ÞOKARNIR BORNIR ÚR TESCO** Breska verslanakeðjan Tesco hefur opnað verslun í útjaðri Peking í Kína.

sem er langstærsti erlendi aðilinn á kínverska markaðnum með um þrefalt meiri veltu en Wal-Mart þar í landi um þessar mundir.

Tesco mun hafa í hyggju að opna aðra verslun í Peking á næstu mánuðum, að sögn Sky. - jab



**VÉL ALITALIA UNDIRBÝR LENDINGU** Ítalska flugfélagið Alitalia skilaði tvöfalt meira tapi í fyrra en árið 2005. MARKAÐURINN/AFP

## Ítalarnir skila tapi

Ítalska flugfélagið Alitalia, sem stjórnvöld þar í landi eiga rétt tæpan helmingshlut í, skilaði áætluðum afkomutölum síðasta árs um helgina. Þar kemur fram að gert sé ráð fyrir allt að 380 milljóna evra taprekstri á síðasta ári. Það svarar til 34,3 milljarða íslenskra króna á tólf mánaða tímabili og er tvöfalt verri afkoma en árið 2005.

Fjármálaeftirlit Ítalíu fór fram á að stjórn flugfélagsins birti efnahagsreikning og fjárhagsstöðu félagsins. Ítalska ríkið horfir til þess að einkavæða flugfélagið, fjölga hluthöfum og koma skikkun á rekstur fyrirtækisins.

Í afkomuskýrslu Alitalia kemur hins vegar fram að félag-

ið hafi látið bóka að það ætli að grípa til aðgerða á næstunni til að lækka rekstrarkostnað á árunum 2005 til 2008. Áætlunin þykir ekki fýsilegur kostur nú í ljósi taprekstrarins.

Fransk-hollenska flugfélagið Air France-KLM hefur unnið að samrunaviðræðum við stjórn Alitalia allt frá síðasta ári. Undir lok síðasta árs sagði Jean-Cyril Spinetta, forstjóri þess, hins vegar að stór eignarhlutur ítalska ríkisins væri hindrun á samrunaferlinu og yrði ríkið að losa um hlut sinn áður en næstu skref yrðu tekin. Þá sagði hann nauðsynlegt að grynka á skuldafeni fyrirtækisins áður en reynt yrði að höfða til nýrra hluthafa. - jab

## Fleiri bætast í baráttuna á Indlandi

Stærstu farsímafélög í heimi horfa til þess að ná forskoti á indverska farsímamarkaðnum.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Að minnsta kosti tvö farsímafyrirtæki hafa bæst í baráttuna um 67 prósentu hlut í indverska félaginu Hutchison Essar, fjórða stærsta farsímafélagi á Indlandi. Talsverð sókn er á indverska farsímamarkaðinn en gert er ráð fyrir að hann vaxi hraðar en flestir aðrir markaðir á næstu árum.

Meirihluta eign félagsins er í eigu asísku samstæðunnar Hutchison Whampoa, sem auðkýfingurinn Li Ka-Shing stjórnar en hann er einn ríkasti maður álfunnar og á lista yfir ríkustu einstaklinga í heimi.

Félögin sem bæst hafa í hópinn eru rússneska farsímafélagið Altimo, sem einbeitir sér að farsímavæðingu á nýmörkuðum, og Orascom frá Egyptalandi, sem fer með tæpan tuttugu prósentu hlut í móðurfélagi indverska farsímafélagsins. Forsvarsmenn Altimo segjast ekki munu eiga í vandræðum með fjármögnun kaupanna og vísa til móðurfélagsins Alfa Group, sem hefur meirihluta af tekjum sínum

úr olúgeiranum. Að minnsta kosti þrjú önnur félög hafa lýst yfir áhuga á kaupum á hlutum, þar á meðal indverska fjárfestingafélagið Hinduja Group, sem eitt sinn átti fimm prósentu hlut í Hutchison.

Vodafone lýsti fyrst farsímafélaga yfir áhuga á kaupum á meirihluta í Hutchison Essar seint á síðasta ári og hefur lagt fram óformlegt sautján milljarða dala tilboð í félagið. Það svarar til rúmra 1.100 milljarða íslenskra króna. Forsvarsmenn félagsins hafa gluggað í bókhald indverska farsímafélagsins og er reiknað með að Vodafone leggi fram formlegt tilboð í næsta mánuði þrátt fyrir andstöðu nokkurra hluthafa farsímarsins sem óttast að yfirverð verði greitt fyrir hlutinn.

Eignarhaldsfélagið Essar, sem fer með 33 prósent í indverska farsímafélaginu, setti sig hins vegar upp á móti tilboðinu og hefur lýst því yfir að það eigi kauprétt að hlutum. Getur svo farið að félagið hafni öllum tilboðum sem berist í hlutinn og hefur hóttað að fara með málið fyrir dómstóla verði öðrum tilboðum tekið.

## Nasdaq gefur frest fram í febrúar

Stjórn bandaríska hlutabréfmarkaðarins Nasdaq ákvað á föstudag að færa lokafrest sem hluthafar í bresku kauphöllinni í Lundúnum í Bretlandi (LSE) fengu til að taka yfirtöku tilboði bandaríska sjóðsins í alla hluti þeirra í LSE aftur til 10. febrúar næstkomandi. Upphaflegi lokafresturinn rann út á miðnætti á föstudagskvöld.

Stjórn Nasdaq skrifaði hluthöfum bréf um helgina þar sem sagði að óvinveitt yfirtöku tilboði í bréfin verði ekki hækkað. Það hljóðar upp á 2,7 milljarða punda, um 370 milljarða íslenskra króna. Það svarar til 1.243 pensa á hlut.

Stjórn Nasdaq greindi jafnframt frá því á föstudag að eigendur 0,62 prósentu útstandandi hluta hefðu samþykkt tilboðið. Það er langt frá því marki sem Nasdaq er nauðsynlegt í óvinveittu yfirtökuferli sínu.

Bandaríski markaðurinn hefur með stífum kaupum náð í tæp þrjátíu prósent hlutafjár í LSE frá síðasta vori í fyrra og þurfti því samþykki fyrir kaupum á 26 prósentum til viðbótar til að ná yfirráðum yfir meirihluta bréfa í LSE.

Fréttir föstudagsins þykja í



**ROBERT GREIFELD, FORSTJÓRI NASDAQ** Stjórn Nasdaq hefur framlegt frest hluthafa LSE til að taka óvinveittu yfirtöku tilboði í bréfin fram til febrúar. MARKAÐURINN/AFP

daprara lagi fyrir stjórnina, sem hefur margsinnis þurft að hlusta á Clöru Furse, forstjóra LSE, henda yfirtöku tilboðinu á haf út á þeim forsendum að það sé of lágt og endurspeglar ekki framtíðarhorfur markaðarins. - jab



**HÖFUÐSTÖÐVAR ESSAR** Minnihlutahópur í indverska farsímafélaginu Hutchison Essar er í oddastöðu og hefur hóttað að fella öll tilboð í meirihluta félagsins. MARKAÐURINN/AFP

## Uppskerubrestur í Bandaríkjunum

Óttast er að verð á appelsínunum, jarðarberjum, sítrónum og öðrum ávöxtum muni rjúka upp í Bandaríkjunum vegna mikils næturkulda í Kaliforníuríki í síðustu viku. Þegar kaldast var fór næturkuldinn allt niður í átta gráðu frost. Sítrusávextir eru sérstaklega viðkvæmir fyrir kulda og þola ekki meira en tveggja stiga frost.

Appelsínubændur vestra óttast að heildsöluverði geti allt að þrefaldast dragi ekki úr kuldakastinu, sem hefur verið þeim dýrkeypt. Vart er á bætandi því stór hluti uppskeru appelsínu- og ávaxtabænda skemmdist í

hamförunum þegar fellibylurinn Katrín fór yfir suðurströnd Bandaríkjanna árið 2005.

Appelsínufarmleiðendur í Kaliforníu segja að allt að sjötíu prósent af uppskeru þeirra hafi eyðilagst í kuldakastinu og nemi tap þeirra allt að einum milljarði Bandaríkjadala, um sjötíu milljörðum íslenskra króna. Heildsöluverð til verslana vestra nemur nú um fimmtíu sentum á kíló en vegna tapsins mun stefna í að skaði

framleiðendanna fari út í verðlagið og geti verð á appelsínunum farið í allt að 1,50 dali, jafnvirði tæpra 106 króna á kíló.

Að sögn fjölmiðla þurfa neytendur ekki að óttast að kuldakast-ið skili sér í dýrari ávaxtasafa því appelsínur sem nýttar eru til safagerðar og í þykkni koma að langstærstum hluta frá Flórída.

- jab

**APPELSÍNA** Appelsínubændur í Kaliforníu hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum vegna uppskerubrests í kjölfar mikils næturkulda vestra.






# Þetta er ekki boðskort í veislu ársins.

Ef þú kaupir nýan bíl hjá Sparibíll  
verður þér **ekki** boðið í tugmilljóna króna veislu!

En þú færð bílinn á besta hugsanlega verði í  
staðinn.

**Sparibíll**  
fyrir þá sem vilja fara vel með peningana.

[www.sparibill.is](http://www.sparibill.is)



Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344



**RÓBERT WESSMAN, FORSTJÓRI ACTAVIS, KYNNIR FRAMTÍÐARSÝN FÉLAGSINS FYRIR FJÁRFESTUM OG GREININGARADILUM** Á næstu þremur árum er markmið stjórnenda Actavis að fyrirtækið verði meðal fimm stærstu samheitalyfjafyrirtækja heims á öllum lykilmörkuðum í geiranum. Yfirtökur og samrunar verða því áfram hluti af daglegu brauði fyrirtækisins.

# Actavis stefnir beint á ystu sjónarrönd

Það er sjaldan lognmolla yfir Actavis. Undirbúningur að skráningu hlutafjár í evrum er hafinn, metnaðarfull rekstrarmarkmið næstu ára voru nýlega kynnt innlendum sem erlendum fjárfestum og greiningaraðilum og áhugi á að taka yfir samheitalyfjahluta lyfjafyrirtækisins Merck hefur verið staðfestur. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* skyggndist inn í framtíðarmöguleika félagsins.

Í síðustu viku kynntu stjórnendur Actavis metnaðarfullar áætlanir næstu þriggja ára fyrir innlendum sem erlendum fjárfestum og greiningaraðilum. Stefnt er að því að velta félagsins í ár aukist frá fyrra ári um fimmtán prósent. Hún nái 1,6 milljörðum evra í ár og verði komin í 1,9 milljarða evra fyrir árslok 2009. Þá er gert ráð fyrir að hagnaður á hlut muni aukast um 20 prósent á ári til loka árs 2009. Áætlað EBITDA-framlegðarhlutfall fyrir árið 2006 er á bilinu 20 til 21 prósent og er markmið félagsins að ná því upp í 25 prósent fyrir lok árs 2009. Þessu hyggjast stjórnendur félagsins meðal annars ná með því að ná kostnaðarverði seldra vara niður um þrjú prósentustig fyrir árslok 2009, úr tæplega sextíu prósentum af tekjum í 57 prósent. Á kynningunni kom fram að Actavis mun leggja inn 40 til 45 lyfjaumsóknir til bandaríska lyfjaeftirlitsins í ár sem er aukning úr 38 á síðasta ári. Það eru fleiri umsóknir en jafnvel stærstu lyfjafyrirtæki heims hafa. Teva, stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims, hefur til að mynda fjörutíu lyfjaumsóknir í gangi og Sandoz, það næststærsta, hefur tuttugu og átta. Þá ætla félagið að markaðssetja allt að fimm hundruð ný lyf á mörkuðum samstæðunna á árinu til samanburðar við 370 í fyrra. **UNDIRBÚNINGUR HAFINN AÐ NÆSTA SLAG**

Á næstu þremur árum er markmið stjórnenda Actavis að festa sig í sessi meðal fimm stærstu samheitalyfjafyrirtækja heims á öllum lykilmörkuðum í geiranum. Á síðustu sjö árum hefur Actavis vaxið úr því að vera lítið íslenskt fyrirtæki með 150 starfsmenn í það að verða alþjóðlegt fyrirtæki með ellefu þúsund starfsmenn. Sá vöxtur hefur að miklu leyti komið til af yfirtökum og samrunum. Ekkert lát verður á þessu og félagið í stöðugri leit að fýsilegum kostum. Í síðustu viku staðfesti Róbert Wessman, forstjóri Actavis, að félagið myndi blanda sér í baráttuna um samheitalyfjahluta lyfjafyrirtækisins Merck KGaA sem nýlega var tilkynnt að sé til sölu.

Söluverð á hlutanum hefur ekki verið gefið upp en í erlendum fjölmiðlum hefur upphæðin fjórir til fimm milljarðar evra verið nefnd. Það samsvarar 360 til 450 milljörðum króna. Fjármögnun hefur þegar verið tryggð með aðkomu þriggja leiðandi alþjóðlegra banka sem ekki hefur komið fram hverjir eru. Gangi kaupin eftir verður Actavis þriðja stærsta fyrirtæki heims á sviði samheitalyfja með fimm prósentu markaðshlutdeild. Sameiginleg velta fyrir árið 2006 er um 3,2 milljarðar evra, um 290 milljarðar króna. Til samanburðar var velta Actavis á síðasta ári 1,4 milljarðar evra, um 126 milljarðar króna.

Nái yfirtakan fram að ganga er gert ráð fyrir að talsverð samlegðaráhrif náist. Merck er, eins og Actavis, með starfsemi í Evrópu og Bandaríkjunum en ekki er talin að mikil skörun verði milli starfsemi félaganna. Þá fengi Actavis aðgang að nýjum mörkuðum eins og Japan, Ástralíu, Kanada og Brasilíu, auk þess sem Merck hefur styrka stöðu í Suður-Evrópu, markaði sem Actavis hefur haft augastað á.

Baráttan um Merck verður að öllum líkindum hörð og háð milli fárra öflugra félaga. Í nýrri greiningu fjárfestingarbankans Merrill Lynch, sem kom út í kjölfar kynningarfundarins, eru félögin talin „eiga fullkomlega saman“. Þar kemur fram að Merck myndi njóta góðs af ódýrari framleiðslu, ágengum stjórnunarháttum og markaðssetningu Actavis.

#### HLUTAFÉ SKRÁÐ Í EVRUR Á ÁRINU

Til þess að ná fram þeim vexti sem Actavis stefnir að er aðkoma erlendra fjárfesta að félaginu mikilvæg. Stjórn Actavis mun á næstu vikum leggja fyrir hluthafafund tillögu um að henni verði heimilað að hefja undirbúning að því að skrá hlutafé félagsins í evrum. Segir Róbert Wessman, forstjóri Actavis, að stjórnendum félagsins þyki það eðlilegt í ljósi þess að 99 prósent af tekjum félagsins séu í erlendum gjaldmiðlum. Óheppilegt sé að stöð-

ugar sveiflur séu á heildarverðmæti félagsins út af sveiflum í krónunni.

Stjórnendur Actavis telja ekki að félagið þurfi að sækja formlega um leyfi fyrir breytingunum til annarra en hluthafa sinna. Málið snúist fyrst og fremst um tæknilega útfærslu. Það sem helst tefji fyrir ferlinu sé að Verðbréfaskráning þurfi að taka nýtt greiðslumiðlunarkerfi í gagnið sem getur tekið nokkra mánuði.

Róbert segir tvennt hafa fælt erlenda fjárfesta frá því að eiga viðskipti á íslenska markaðnum. Annars vegar smæð markaðarins og hins vegar sveiflur á gengi krónunnar. Hann telur að með því að skrá hlutabréfin í evrum muni fleiri erlendir fjárfestar hafa áhuga á að fjárfesta í Actavis. Sérstaklega í ljósi þess að um mitt árið muni allir kauphallaradilar OMX geta átt viðskipti með þau félög sem skráð eru hér. Þegar sé áhugi þeirra mikill. Þrír erlendir bankar greini félagið og von sé á einum til tveimur til viðbótar á næstu mánuðum. Greining Merrill Lynch ýtir undir þessa skoðun. Þar kemur fram að áætlanir Actavis séu vel í takt við spár greiningardeildar bankans um framtíðarvöxt félagsins. Miðað við fyrir-sjáanlega hagnaðaraukningu næstu árin og það að félagið sé tiltölulega lágt verðlagt á markaði ættu kaup í félaginu að vera hagstæð. Hins vegar halda þeir mati sínu á félaginu hlutlausu vegna hárrar skuldsetningar félagsins, áhættu vegna samþættingar en fyrst og fremst vegna lágrar veltu á íslenska hlutabréfamarkaðnum.



**Baráttan um Merck verður að öllum líkindum hörð og háð milli fárra öflugra félaga. Í nýrri greiningu fjárfestingarbankans Merrill Lynch, sem kom út í kjölfar kynningarfundarins, eru félögin talin „eiga fullkomlega saman“. Þar kemur fram að Merck myndi njóta góðs af ódýrari framleiðslu, ágengum stjórnunarháttum og markaðssetningu Actavis.**



MARKAÐSVAKTIN

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI  
í 14 daga á [www.mentis.is](http://www.mentis.is)

Microsoft  
CERTIFIED  
Partner



# Blásu á keppinautana!

Himinn og haf / SIA - 9070015



## Besta ávöxtunin 2006

Eins og þessar nótur sýna voru SPRON Verðbréf með langbestu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **43,18%\***

Um er að ræða **Alþjóðlegan hlutabréfasjóð**, en markmið hans er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu sem hentar sérlega vel fyrir þá sem vilja fjárfesta til langs tíma.

Kynntu þér málið nánar á [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is)

  
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 - 108 Reykjavík - 550 1310 - [verdbref@spron.is](mailto:verdbref@spron.is) - [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is)

\*Nafnávöxtun árið 2006 á alþjóðlegum hlutabréfasjóðum-global, reknur af innlendum rekstrarfélögum skv. [www.sjodir.is](http://www.sjodir.is)

Alþjóðlegur hlutabréfasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is).



# Hráolían á taflborði alþjóðan

Hráolíuverð hefur lækkað mikið frá því það stóð í sögulegu hámarki um mitt síðasta sumar. Olían er mikilvægur þáttur á verðinu því skapað alvarlegt ástand um allan heim. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson rýndi í svartagullið og skoðaði áhrif verðs

Heimsmarkaðsverð á hráolíu hefur sveiflast talsvert undanfarna tólf mánuði. Verðið rauk upp í sögulegar hæðir um mitt síðasta sumar en er nú komið niður í um 55 dali á tunnu á helstu fjármálamörkuðum. Sveiflur sem þessar geta haft gríðarlegar afleiðingar á alþjóðamarkaði. Þar er enginn undanskilinn. Afleiðingar eru meðal annars þær að leitað hefur verið leiða til að nýta aðra orkugjafa en olíu, svo sem vindorku. Síðustu stóru verðsveiflur á svartagullinu komu illa við

kaunin á bíla- og flugvélaíðnaðinum, sem hefur brugðist við með því að setja á markað sparneyrnari farartæki.

## HRÁOLÍAN ÞÁTTUR Í VALDATAFLI

Oliúkreppa varð í tvígang á áttunda áratug síðustu aldar. Hana má rekja aftur til ársins 1967 þegar nokkur aðildarríki OPEC-samtakanna við Persaflóa tóku höndum saman, stofnuðu samtök olíuútflutningsríkja í Arabíu (OAPEC) og ákváðu að skrúfa fyrir útflutning á hráolíu til Bandaríkjanna og Vestur-Evrópu í mótmælaskyni við stuðning þeirra við Ísraelsríki í Sex daga stríðinu. Aðgerðirnar entust hins vegar ekki lengi.

Sýnu verri voru afleiðingarnar árið 1973 þegar OPEC-ríkin ákváðu að grípa til sömu aðgerða í kjölfar Yom Kippurstríðs Ísraels. Í ákvörðun samtakanna fólst að olíuútflutningur til landanna skyldi skertur um fimm prósent í

hverjum mánuði þar til Ísraelar yfirlög hertumdu svæðin sem þeir náðu í Sex daga stríðinu árið 1967. Aðgerðirnar stóðu yfir í fimm mánuði, þar til deilan leystist í marsmánuði árið 1974. Áhrifa aðgerðanna gætti hins vegar áratuginn á enda.

Afleiðingarnar létu ekki á sér standa. Verð á hráolíu hækkaði talsvert og átti meðal annars hlutdeild að þeirri alþjóðlegu verðbólgu sem hafði með sér mikla verðyrnrun fjölmargra gjaldmiðla á áttunda áratug síðustu aldar. Bandaríski dollarinn kom ekki vel undan vetri og rýrnaði talsvert gagnvart öðrum gjaldmiðlum.

Bandaríkjastjórn, sem stutt hafði við Ísraelsríki, virtist eiga fáa að við Persaflóa. Meira að segja Íranskeisari, sem verið hafði vinveittur stjórnvöldum vestanhafs, lét hafa eftir sér í samtali við bandaríska dagblaðið New York Times, að réttast væri að kenna Bandaríkjamönnum dýrmæta lexíu og hækka verðið tífalt.


## OLÍUKREPPAN HIN SÍÐARI

Vera má að þetta breytta viðhorf Íranskeisara hafi meðal annars valdið því að honum var velt úr sessi árið 1979. Í kjölfarið dróst olíuframléiðslu Írana mikið saman með þeim afleiðingum að keyra heimsmarkaðsverð á hráolíu frekar upp. OPEC-ríkin og fleiri olíuframléiðendur brugðust við með því að auka framléiðsluna og nam heildarsamdrátturinn

## OLÍU OG BENSÍNVERÐ Á HEIMSMARKAÐSVERÐI

Spá er byggð á framvirku verði á Rotterdammarkaði

Heimild: Seðlabanki Íslands





**Íslenskukennsla  
- já takk**

SI  
Samvirkni skólanna

0101010ATGC10101010ATGC  
1010ATG  
01010A  
10ATG  
TGC1010  
C10ATGC0  
0101010ATGC

**Framtíðin  
er í okkar  
höndum**

Framtíðin felst í hátækni - sjá áskorun til ríkisstjórnarinnar,  
stefnu SI og tillögur á [www.si.is](http://www.si.is)



**Fagleg og lögleg**

Hvetjum landsmenn að skipta aðeins við fagfólk með tilskilin réttindi - og það er að finna á Meistarinn.is



[ SÉRBLAÐ UM VIÐSKIPTI OG ATVINNULÍF – MIÐVIKUDAGUR 31. JANÚAR 2007 ]

# Íslenskur iðnaður



## EFNISYFIRLIT

**SPROTAPING**  
*Tilurð og dagskrá*  
BLS. 2

**FÁ BOÐ FRÁ ÚTLÖNDUM**  
*Fjallað um nýja rannsókn*  
BLS. 4



**BJARTSÝNI Í BYRJUN ÁRS**  
*Helgi Magnússon*  
BLS. 6

**MUNDELL OG KRÓNAN**  
*Fjallað um evruna*  
BLS. 8

**NÝ EFNALÖGGJÖF**  
*Sönnun-  
arbyrðin  
er fram-  
leiðend-  
anna.*  
BLS. 10



**HAGSTJÓRNIN  
OG EVRAN**  
*Ný skýrsla  
Hagfræði-  
stofnunar HÍ*  
BLS. 12



 Framtíðin er í okkar höndum

# SPROTAPING 2007

fer fram föstudaginn 2. febrúar - Upplýsingar, dagskrá og skráning á [www.si.is](http://www.si.is)



Upplýsingar, dagskrá og skráning á:  
**[www.si.is](http://www.si.is)**





# BAKKAVÖR

Bakkavör Group var stofnað árið 1986 og fagnaði 20 ára starfsafmæli á síðast liðnu ári. Starfsemin hefur vaxið verulega á umliðnum árum og rekur félagið nú á fimmta tug verksmiðja í sjö löndum. Starfsmenn eru um 16 þúsund. Meginhluti starfseminnar fer fram í Bretlandi þar sem félagið er stærsti framleiðandi ferskrar tilbúinnar matvöru. Auk þess starfar félagið í Frakklandi og Belgíu, á Spáni, í Suður Afríku og Kína. Bakkavör Group framleiðir yfir 4.700 vörutegundir í 17 vöruflokkum.

- ALRESFORD SALADS
- ANGLIA CROWN LTD.
- BAKKAVÖR ASIA
- BAKKAVÖR BIRMINGHAM
- BAKKAVÖR FRESH FOODS
- BAKKAVÖR FRESH PRODUCE
- BAKKAVÖR IBERIA
- BAKKAVÖR LIMITED
- BAKKAVÖR MARINER FOODS
- BAKKAVÖR PREPARED FOODS
- BAKKAVÖR RFG FRESHCOOK LTD
- BAKKAVÖR SELECT PRODUCE
- BOURNE SALADS
- BOURNE STIR FRY
- CALEDONIAN PRODUCE
- CINQUIÈME SAISON
- CRUDI & SOGESOL
- ENGLISH VILLAGE SALADS
- FRESH CUT PRODUCE
- HITCHEN FOODS LIMITED
- INTERNATIONAL PRODUCE
- ISLEPORT FOODS LTD
- KATIES
- KATSOURIS FRESH FOODS
- LAURENS PATISSERIES
- LINCS. CUISINE
- MARINER FOODS
- MELROW SALADS
- NEW PRIMEBAKE
- PASTA COMPANY
- SAXON VALLEY FOODS
- SOGESOL
- SPRING VALLEY FOODS
- THE BAKERY
- THE DELICATESSEN
- THE PIZZERIA
- TILMANSTONE SALADS
- VACO
- WELLAND FRESH FOODS
- WINGLAND FOODS
- YORKSHIRE FRESH SALADS



# Margt gott en brotakennt

Fjórðungur íslenskra sprotafyrirtækja hefur fengið boð frá erlendum aðilum um að flytja starfsemi sína úr landi, samkvæmt rannsókn Hilmars Bjarna Harðarsonar og Pálma Blængssonar. Margir frumkvöðla íslenskra sprotafyrirtækja eru í fremstu röð á sínu sviði í heiminum.

Hilmar Björn Harðarson og Pálmi Blængsson, sem stunda nám á þriðja ári í viðskiptafræði í Háskólanum í Reykjavík, vinna nú að lokafrágangi skýrslu um viðamikla rannsókn á stuðningsumhverfi sprotafyrirtækja. Verkefnisstjórn skipa fulltrúar Háskólans í Reykjavík, Samtaka iðnaðarins og Samtaka sprotafyrirtækja en verkefnið var unnið sem sumarverkefni nemenda með tilstyrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Niðurstöður hafa að hluta verið kynntar fyrir aðilum stuðningsumhverfisins sem og þingflokki stjórnmalaflokka.

Rannsóknin var tvíþætt; annars vegar meðal forráðamanna allra íslenskra sprotafyrirtækja sem vitað er um og hins vegar meðal hugsanlegra fjárfesta sprotafyrirtækja.

## HELSTU MARKMIÐ RANNSÓKNARINNAR:


- Kanna vitneskju, aðgengi og gagnsemi varðandi aðgerðir stuðningsumhverfisins í þeim tilgangi að efla enn frekar þann stuðning sem mestu skilar að mati fyrirtækjanna.
- Kanna hvaða úrbætur á stuðningsumhverfinu forráðamenn íslenskra sprotafyrirtækja telja þörf fyrir.
- Kanna hvort íslensk sprotafyrirtæki hafi fengið boð frá erlendum aðilum um að flytja starfsemi sína til annarra landa og hvort áhugi sé fyrir því að þiggja slík boð.
- Fá fram viðhorf hugsanlegra fjárfesta í sprotafyrirtækjum til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum sem stuðlað gæti að markvissari leiðum sprotafyrirtækja við að vekja áhuga hjá fjárfestingaaðilum.

Að sögn Hilmars Björns og Pálma hefur verið áhugavert að kynnast fjölbreyttri starfsemi sprotafyrirtækjanna enda eru í mörgum tilvikum kraftmiklir frumkvöðlar á ferð sem búa yfir mikilli þekkingu og eru jafnvel í fremstu röð í heiminum á sínu sviði.

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNARINNAR ERU EFTIRFARANDI:

- Samþættingu innan stuðningsumhverfis íslenskra sprotafyrirtækja er ábótavant.
- Aðgengi að stuðningsaðgerðum er í mörgum tilvikum brotakennt og ábótavant.
- Skortur er á upplýsingum um hvaða stuðningsaðgerðir standa sprotafyrirtækjum til boða.
- Um fjórðungur íslenskra sprotafyrirtækja hefur fengið boð frá erlendum aðilum um að flytja starfsemi sína úr landi og stór hluti þeirra er að skoða þau boð nánar.
- Skortur er á „þolinmóðu“ áhættufjármagni, þar með töldum framtakssjóðum (e.: venture capital), en bankar og lífeyrissjóðir myndu helst vilja koma að fjárfestingum í sprotafyrirtækjum gegnum slíka sjóði.
- Algengt er að töluvert „bil“ sé milli viðhorfa fjárfesta og frumkvöðla varðandi fjárfestingar og fjármögnun sprotafyrirtækja – vinna þarf að því að brúa það bil.

Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja hafa frá því í haust unnið að undirbúningi Sprotapings 2007 í samráði við þingflokka allra stjórnmalaflokka og nú liggur fyrir samþykki þeirra allra um að koma að þessu þinghaldi 2. febrúar næstkomandi. Flokkunum hefur verið kynntur hluti af niðurstöðum rannsóknarinnar í fyrrnefndum undirbúningi.



# Uppbókað fyrir vestan

„Starfsmenn Lýsingar unnu hratt og örugglega úr umsókn okkar um fjármögnun vegna bátaútgerðar til sjóstangaveiða fyrir þýska ferðamenn á Vestfjörðum. Á síðasta ári gerðum við út 11 báta en næsta sumar verða þeir 21 á sjó.“

Finnur Jónsson, Próton ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LÝSING.IS // 540 1500

VERTU MEÐ...  
VERTU DÚNDUR!



hausverk / SFA / 5971



# Bjartsýni einkennir byrjun árs

– Leiðari Helga Magnússonar, formanns Samtaka iðnaðarins.

Samtök atvinnulífsins og Seðlabanki Íslands birtu í lok desember sl. niðurstöður reglubundinnar könnunar Capacent Gallup meðal fjögur hundruð stærstu fyrirtækja landsins á stöðu og framtíðarhorfum. Tæplega þrjár fjórðu stjórnenda telja að núverandi aðstæður í efnahagslífinu séu góðar og hafa sjaldan verið bjartsýnni. Greiningardeildir bankanna og fjármálaráðuneytið hafa kynnt mat sitt á stöðu og horfum og þar er allt á sömu bókina lært – það er hjart framundan. Enginn talar lengur um harða lendingu hagkerfisins á árinu 2007 heldur um aðlögun eða jafnvel bara dýfu.

Fyrir hálfu ári voru menn ekki eins bjartsýnir og sumir spáðu verri tíð en þær raddir eru að mestu þagnadar, að minnsta kosti í bili. Ekki er auðvelt að gefa einhlítar skýringar á

þessu. Fyrirfram hefði mátt ætla að 14,25 prósent stýrivextir, sjö prósent verðbólga og verulegar sveiflur í gengi krónunnar gefi ekki tilefni til þess að meta efnahagsástand og horfur mjög góðar.

## ÁHYGGJULOUS EYÐSLUKLÓ

Flestir eru nú sammála um að þenslu-áhrifvegnastóriðju- og virkjanafurkvæmda hafi fyrirfram verið ofmetin en mikil einkaneysla og breytingar á húsnæðislánakerfinu hafi valdið mestu um þenslu í hagkerfinu undanfarin ár. Mikill viðskiptahalli, fjármagnaður með erlendum lánunum, ætti að vera áhyggjuefni en forstjórn stærstu fyrirtækja landsins virðast áhyggjulausir og sama er að segja um almennig. Íslenska eyðsluklóin horfir áhyggjulaus fram á nýja árið. Ekki er hægt að draga aðra ályktun

en að Íslendingar séu ónæmir fyrir háum vöxtum og verðlagi.

## ÚTLENDINGAR TIL BJARGAR

Margt stuðlar raunar að því að áhrif þessara miklu framkvæmda og neyslu á síðasta ári eru þó ekki verri en raun ber vitni. Það er alveg ljóst að afnám hindrana á frjálsri för launafólks af öllu EES-svæðinu, sem tók gildi 1. maí 2006, gerbreytti ástandinu á íslenskum vinnumarkaði. Það er algerlega óhugsandi að við hefðum komist klakklaut gegnum þetta þensluskeið án innfluttra starfsmanna sem að auki hafa lagt drjúgan skerf til íslenska hagkerfisins að undanförunu. Vinnufriður var einnig tryggður með endurskoðun og framlengingu kjarasamninga. Þar var mikilvægt skref sem ekki má gleymast.



Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, segir bjart fram undan í íslensku efnahagslífi. Enginn talar lengur um harða lendingu hagkerfisins á árinu 2007 heldur um aðlögun eða jafnvel bara dýfu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.Ó.L.

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

## HANN ER GRIMMUR! MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

### SKOTBÓMULYFTARI

#### Fjórhljóladrifinn

#### Fjórhljólastýrður

Lyftigeta: 3.400 KG

Lyftihæð: 6.050 MM

Gafflar: 1.200 MM

Vél: Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ

LOAD SENSING!! Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAPJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager



PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.

Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður  
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-mail: pon@pon.is

## STÝRIVEXTIR BÍTA EKKI SEM FYRR

Þessi mikla bjartsýni stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins endurspeglar einnig þá miklu breytingu sem orðið hefur á íslenskum fyrirtækjum. Hnattvæðingin veldur því að þau fyrirtæki finna minna en ella fyrir háu vaxtastigi hér á landi, því að meirihluti þeirra fær tekjur erlendis frá og flest þeirra eru að mestu fjármögnuð með erlendu lánsfé. Þau finna því lítið fyrir svimandi stýrivöxtum Seðlabanka Íslands. Þessi staða leiðir hugann óeitanlega að því hvort ósamhverf hagsveifla á Íslandi, til dæmis í samanburði við önnur Evrópulönd, heyrir senn sögunni til. Hagsveiflur á Íslandi ráðast ekki lengur af aflabrogðum eða verði á fiskmarkaði.

## EFNAHAGSLÍFIÐ ER VIÐKVÆMT

Á síðasta ári urðu miklar sviptingar í gengi krónunnar og verði hlutabréfa. Íslenska hagkerfið er agnarsmátt með viðkvæma og sveiflakennda mynt. Erlendis er gjarna talað um Íslendingana eins og eitt fyrirtæki eða eina fjölskyldu. Það sýndi sig greinilega að óvægin gagnrýni á

íslensku bankana setti gengi krónunnar og hlutabréfamarkaðinn á annan endann. Vonandi hafa menn lært af reynslunni þannig að minni líkur séu nú á slíku upphlaupi. Hins vegar er ljóst að djörf útrás íslenskra fyrirtækja og mikil skuldsetning fyrirtækja og heimila gera íslenskt efnahagslíf viðkvæmt fyrir áföllum. Þá hafa erlendir fjárfestar gefið út svokölluð krónubréf fyrir áður óþekktar fjárhæðir og ákvarðanir þeirra um kaup eða sölu slíkra bréfa geta haft áhrif sem við höfum ekki áður þurft að glíma við.

## FARSÆLD TIL FRAMTÍÐAR

Það eru margar ástæður fyrir bjartsýninni en engu að síður þarf að fara varlega og koma meiri aga og jafnvægi á efnahagslífið, hvort sem við tökum upp evru sem gjaldmiðil eða notum krónuna áfram enn um sinn. Hagvöxtur undanfarinna ára byggist óþægilega mikið á einkaneyslu og skuldsetningu. Vonandi tekst að skjóta fleiri og styrkari stöðum undir hagvöxt komandi ára. Það er okkar besta og eina trygging fyrir hagvexti og hagsæld til framtíðar.



Hnattvæðingin veldur því að stærstu fyrirtæki landsins finna minna en ella fyrir háu vaxtastigi hér á landi, segir Helgi Magnússon. Meirihluti fyrirtækjanna fær tekjur frá útlöndum og flest eru að mestu fjármögnuð með erlendu lánsfé.

# Plötusmíði

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

A góðum járnnum



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ  
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



# Við framleiðum glugga og gler fyrir þig

Einnig hurðir, svalalokanir og sólstofur

PVC plastgluggar og hurðir  
Frábær viðhaldslaus lausn  
fyrir bæði gömul  
og ný hús



**DANLINE frá VEKA**  
Frábær lausn í gömul hús (einnig ný)  
Líta út eins og gömlu íslensku  
gluggarnir, einstaklega fallegir



**GLUGGA- OG  
GLERHÖLLIN**

Ægisbraut 30 • 300 Akranes • Sími: 431 2028 • Fax: 431 3828  
Netfang: glerhollin@aknet.is • Heimasíða: www.glerhollin.is

Einangrunargler - Öryggisgler - Speglar

## VÍKURVAGNAKERRURNAR ÞESSAR STERKU



Allar gerðir af kerrum  
Allir hlutir til kerrusmiða



Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27  
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



Robert A. Mundell, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, varar við hörðu peningalegu aðhaldi með vaxtahækkunum. Stýrivextir Seðlabankans standa nú í 14,25 prósentum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Mundell og íslenska krónan

Í umræðu um evruna undanfarnar vikur hefur nokkuð verið vitnað til Roberts A. Mundell, nóbelsverðlaunahafa í hagfræði og prófessors við Columbia-háskóla en hann og Assar Lindbeck, prófessor í alþjóðahagfræði við Háskólann í Stokkhólmi, komu hingað til lands síðastliðið haust til að taka við heiðursdoktorsnafnbót við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Af því tilefni héldu þeir Mundell og Lindbeck opna fyrirlestra.

Fyrirlestur Mundells bar yfirskriftina „Global monetary arrangements in a world of two dominant currencies“. Þessi ágæta samkoma var skammarlega illa sótt en þeim mun meira hefur verið til hennar vitnað síðan. Þar sló Morgunblaðið strax tóninn með fyrirsögn á bak-síðu 26. október síðastliðinn þar sem



Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

þetta var haft eftir Mundell: „Mælir ekki með því að Ísland taki upp evru. „Guð-faðir evrunnar“ telur núverandi fyrirkomulag henta vel enn um sinn.“

Í sjálfri fréttinni er haft eftir Mundell: „Síðan evran og dollarinn urðu ríkjandi gjaldmiðlar í heiminum hefur mikið ójafnvægi skapast í skráðu gengi gjaldmiðlanna. Þetta ójafnvægi hefur valdið öðrum löndum, sem eiga viðskipti í báðum gjaldmiðlum, eins og Bretlandi og Íslandi, miklum erfiðleikum.“ Síðan segir í fréttinni: „Á meðan þetta ójafnvægi ríkir telur hann ekki ráðlegt fyrir Ísland að taka upp evru.“ Ráðlegging Mundells byggist sem sé á því að viðskipti okkar Íslendinga séu álíka mikil í evrum og dollurum. Ekki veit ég hvaðan hann hefur fengið þær ranghugmyndir.

Boðskapur Mundell er einfaldur og skiljanlegur öllum sem vilja skilja hann án undanbragða og útúr-súnunga. Hann vill stækka og/eða tengja saman myntkerfi heimsins og draga úr skaðlegum gengissveiflum og viðvarandi háum vöxtum smárra myntkerfa. Hann varar við afleiðingum af hörðu peningalegu aðhaldi með vaxtahækkunum. Þessi stefna virkar að vísu að ákveðnu leyti, það er hún nær verubólgunni niður, en gerir það með því að styrkja gengi gjaldmiðilsins. Afleiðingin verður of hátt skráður gjaldmiðill. Þegar gjaldmiðillinn leitar aftur jafnvægis er hætt við gjaldeyriskreppu. Kannast menn nokkuð við þetta vandamál á Íslandi?

Það er hins vegar með nokkrum ólíkindum að höfundur kenningarinnar um hagkvæm myntsveði sé spenntur með þessum hætti fyrir vagn þeirra sem vilja halda í íslensku krónuna hvað sem það kostar.

# allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

# ÚTSAALA

Plastparket  
frá 790 kr/m<sup>2</sup>

Þúsundir fermetra  
af flísum með  
20-70% afslætti

Viðarparket  
frá 1990 kr/m<sup>2</sup>




## ALFABORG

Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

# Heildarlausnir

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

A góðum járnnum



## HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ  
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

www.fronkex.is

**Frón**

# Kósi



**Nýtt**  
frá Frón

kemur við sögu á hverjum degi!

## Hafðu það Kósi!

Það sem gerir Kósi frábrugðið venjulegu súkkulaðikexi er að hér eru kókossmákökur með súkkulaðibitum sem síðan eru súkkulaðihúðaðar og kókosi stráð yfir. Sannkölluð tvöföld ánægja!

**ÍSAM**

www.isam.is

# Ný og skilvirkari efnalöggjöf samþykkt í Evrópuþinginu

Samkvæmt nýrri efnalöggjöf Evrópuþingsins bera framleiðendur sönnunarbyrði um öryggi á markaði. Vonir standa til að REACH, eins og nýja löggjöfin kallast, sé skilvirkari og skapi meiri jöfnuð á markaði en núgildandi löggjöf enda mun hún leysa af hólmi um fjörutíu eldri tilskipanir.

Evrópuþingið hefur samþykkt nýja efnalöggjöf sem gengur undir nafninu REACH (Registration, Evaluation and Authorisation of Chemicals). Þalsverður styr hefur staðið um þessa umfangsmestu löggjöf sambandsins enda mun áhrifa hennar gæta víða í atvinnulífinu. Aukin krafa er um upplýsingagjöf bæði frá framleiðendum og innflytjendum varðandi hættueiginleika efna. Notendur efna í iðnaði eiga á móti að veita upplýsingar um notkunarsvið. Vonir standa til að REACH sé skilvirkari og skapi meiri jöfnuð á markaði en núgildandi löggjöf enda mun hún leysa af hólmi um fjörutíu eldri tilskipanir.

**MIKILVÆGT AÐ FORSKRÁ EFNI**  
Á næstu árum verða efni á markaði skráð með skipulegum hætti. Allir þeir, sem framleiða efni, eða flytja inn efni utan Evrópusambandsins, eiga að skrá þau á tilsettum tíma. Reglugerðin tekur gildi 1. júní 2007 og forskráningar skulu berast átján mánuðum síðar eða í seinasta lagi 30. nóvember 2008 fyrir efni sem eru flutt inn eða framleidd í meira magni en einu tonni á ári hjá hverjum framleiðanda/innflytjanda. Skráningar taka svo við í skrefum næstu árin.

Ef fleiri en einn aðili forskrá sama efni er unnið sameiginlega að skráningu en mikilvægt er að koma strax inn í slíka samvinnu og forskrá efni á tilsettum tíma. Brynt er að framleiðendur og innflytjendur kanni hvaða efni eru í því magni sem um ræðir. Þetta á við hvort sem efnin eru flutt inn hrein eða í efnablöndum og hvort sem þau eru ætluð til almennrar sölu eða eru hræfni til framleiðslu.

**UNDIRBÚNINGUR FYRIRTÆKJA**  
Framleiðendur, innflytjendur og notendur efna geta hafið undirbúning fyrir gildistöku REACH nú þegar. Fyrsta skrefið er að kanna stöðu fyrirtækisins gagnvart REACH. Gerðar eru kröfur til framleiðenda, innflytjenda, dreifingaraðila og notenda neðar í framleiðslukeðju. Sama fyrirtæki getur haft mismunandi hlutverk vegna ólíkra efna.

Annað skrefið er að meta hvernig REACH hefur áhrif á fyrirtækið með því að skoða hvaða vörur og efnablöndur eru framleiddar eða fluttar inn, hvaða efni eru í þeim og magn þeirra á ársgrundvelli. Þá kemur í ljós hvort skrá þurfi efni eða sækja um leyfi. Notendur efna geta kannað hvort birgjar séu að vinna að skráningu samkvæmt REACH og



Aukin krafa er um upplýsingagjöf, bæði frá framleiðendum og innflytjendum, varðandi hættueiginleika efna samkvæmt svokallaðri REACH-löggjöf Evrópuþingsins.

þekki notkunarsvið fyrirtækisins. Ætla má að einhver efni verði ekki skráð og hverfi af markaði.

**AUKIN ÁBYRGÐ IÐNADAR**  
Meginbreytingin með REACH er að sönnunarbyrði um öryggi á mark-

aði er snúið við, frá yfirvöldum og til framleiðenda. Mikilvægt er að innflytjendur efna frá löndum utan EB bera sömu skyldur og efnaframleiðendur. Önnur breyting er að þeir sem nota efni í atvinnuskyni eiga að upplýsa birgja og framleiðendur

um notkunarsvið. Dreifingaraðilar eiga síðan að tryggja að öryggisblöð og önnur tilskilin gögn fylgi með efnunum og efnavörum.

Haldinn verður kynningarfundur um REACH í húsi atvinnulífsins hinn 21. febrúar næstkomandi.

## Traustur verktaki

**ÍSTAK** er alhliða verktakafyrirtæki sem stofnað var 1970 og annast hvers konar verkefni svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúargerð auk ýmiss konar húsbygginga.

**ÍSTAK** hefur skipulagt athafnasvæði á **Tungumelum** í Mosfellsbæ og hyggst byggja þar iðnaðarhúsnæði að óskum kaupenda.

**ÍSTAK** flytur þjónustumiðstöð sína að Tungumelum sumarið 2007. (Sjá nánar [www.tungumelar.is](http://www.tungumelar.is))



Þjónustumiðstöð ÍSTAKS, Tungumelum

# ÍSTAK

ÍSTAK hf. · Engjateigi 7 · 105 Reykjavík

Sími 530 2700 · Bréfsími 530 2724 · [istak@istak.is](mailto:istak@istak.is) · [www.istak.is](http://www.istak.is)

# Evra eða bætt hagstjórn?

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, skrifar.

Í lok desember síðastliðins var birt ný skýrsla sem Hagfræðistofnun HÍ vann fyrir Samtök atvinnulífsins og aðildarfélög þeirra undir yfirskriftinni „Hagstjórnarumhverfið og samþýli atvinnuveganna“. Skýrslan er mikilvægt innlegg í þá miklu umræðu um efnahagsmál sem nú á sér stað og þess ójafnvægis sem enn ríkir í þjóðarþúskapnum. Í skýrslunni kemur fram hörd gagnrýni á stjórn efnahagsmála, bæði á peningamál og ríkisfjármál en ekki síður kerfisbreytingar, svo sem á Íbúðalánasjóði sem unnið hafi gegn efnahagsmarkmiðum.

## HAGSTJÓRNARMISTÖK Á FRAMKVÆMDATÍMUM

Gífurlegur uppgangur hefur verið í íslensku efnahagslífi síðustu misseri sem meðal annars má rekja til uppbyggingar stóriðju. Í skýrslunni er bent á að mistök hafi gerð á flestum sviðum hagstjórnar sem studdu ekki við þessar aðstæður í efnahagslífinu.

Niðurstöður skýrslunnar eru meðal annars þær að peningamálastefnan hafi borið þungann af efnahagslegu aðhaldi síðustu misseri. Hins vegar hafi stjórn peningamála verið of lengi að taka við

sér þegar ljóst varð að mikið hagvaxtarskeið væri að hefjast. Stýri-vextir Seðlabankans hækkuðu of hægt og of lítið í upphafi tímabilsins. Peningastefnan hefur ekki haft nægan stuðning af ríkisfjármunum og vaxandi ríkisútgjöld og lækkun skatthlutfalla hafa ekki dregið úr þenslunni að mati skýrsluhöfunda. Sérstaklega er vikið að þætti sveitarfélaga í efnahagslífinu, á það bent að þau leiki þar nánast lausum hala. Hallarekstur þeirra og vaxandi útgjöld yti undir uppsveifluna og á því þurfi að verða breyting.

Í skýrslunni er bent á að mitt

ofan í þessa miklu þenslu hafi stjórnvöld ákveðið að breyta hámarkslánshlutfalli og hámarkslánnum Íbúðalánasjóðs.

Þetta leiddi af sér mikla fyrirjáanlega þenslu á íbúðamarkaði, meðal annars vegna þess að viðskiptabönkunum var í raun ýtt út í skefjalausa samkeppni á íbúðalánamarkaði. Þessar breytingar ollu því að fasteignaverð hækkaði mjög mikið, með þeim afleiðingum að verðbólga jókst langt umfram verðbólgu-

markmið. Hækkandi íbúðaverð samhlíða lækkandi vöxtum á íbúðalán-um hefur síðan áhrif til aukinnar þenslu.



## EVRA EDA BÆTT HAGSTJÓRN

Tryggvi Þór Herbertsson, fráfaramandi Hagfræðistofnunar, sagði á fundinum að ef samspil hagstjórnartækja yrði ekki með þeim hætti að hér gæti þrífist eðlilegur hagvöxtur, sem ekki leiddi af sér ofþenslu, neyddumst við til að taka upp evru.



## Styttist í Tækni og vit 2007

Undirbúningur að fagsýningunni Tækni og vit 2007 er nú á fullri ferð en sýningin verður haldin í Fifunni í Kópavogi dagana 8. til 11. mars. Þar verður megináhersla lögð á tækni- og þekkingariðnaðinn en að sögn Margit Elvu Einarsdóttur, framkvæmdastjóra sýningarinnar, verður fjölbreytnin engu að síður höfð í fyrirrúmi. „Það er einstaklega gaman að sjá hversu breiður sýnendahópurinn verður. Þar verða að sjálfsögðu fyrirtæki úr tölvugeiranum, bæði hugbúnaðar- og vélbúnaðarfyrirtæki, en auk þeirra verða fjarskiptafyrirtæki, iðntækniyrirtæki, öryggisfyrirtæki, opinberar stofnanir og ráðuneyti, skólar, fjármálfyrirtæki og fjölmiðlar, svo nokkuð sé nefnt,“ segir Margit. Þegar hafa rúmlega fimmtíu sýnendur verið skráðir en þátttakendur eru orðnir yfir áttatíu með aðildarfélögum Samtaka iðnaðarins og Samtaka sprotafyrirtækja. Enn eru nokkur laus sýningarsvæði í boði en þeim fækkar hratt þessa dagana eftir því sem nær dregur sýningu.

## GÓÐ REYNSLA AF SÝNINGUNNI VERKI OG VITI 2006

AP sýningar standa að Tækni og viti 2007 en á nýliðnu ári stóð fyrirtækið að sýningunni Verk og vit 2006. „Sú sýning lagði áherslu á bygginga- og verktakageirann og gekk afar vel. Hana sóttu um sautján þúsund gestir og sýnendur voru mjög ánægðir með árangurinn samkvæmt skoðanakönnun sem við gerðum. Árangurinn sést líka á því að allmargir þátttakendur á sýningunni í fyrra hafa skráð sig á Tækni og vit þó að þessir tveir geirar atvinnulífsins séu tiltölulega ólíkir,“ segir Margit.


## NÝJAR VÖRUR KYNNTAR OG SAMBÖND TREYST

Sýnendur leggja ríka áherslu á fjölbreytni að sögn Margit. „Við vitum til þess að sumir ætla að nota Tækni og vit 2007 til að svipta hulunni af nýjum vörum en aðrir þátttakendur lita á sýninguna sem tækifæri til að kynna fyrir nýjum viðskiptavinum þær vörur og þjónustu sem fyrir eru. Svo má ekki gleyma því að fagsýningar eru einnig góður vettvangur til að bæta samband við núverandi viðskiptavini, kynna fyrir þeim nýja þjónustu og tengjast þeim betur.“

## Framtíðin er í okkar höndum



Dagskrá helstu viðburða og verkefna sem tengjast málefnum sprota- og hátækni-fyrirtækja í febrúar og mars



**Sprotapöng**  
Staða og starfsskilyrði sprota- og hátækni-fyrirtækja í brennidepli

**Menntadagur iðnaðarins**  
Aðkoma atvinnulífs að rekstri skóla á framhalds- og háskólastigi

**Útboðsþing II á sviði upplýsinga- og heilbrigðistækni**  
Samstarfsvettvangur um opinber innkaup, umfang upplýsingatækni hjá hinu opinbera, útivistunarstefna ríkisins og útboðskynningar

**Samskipti frumkvöðla og fjárfesta**  
Ráðstefna SI í tengslum við Tækni og vit

**Iðnþing**  
Aðalfundur SI og Iðnþing undir yfirskriftinni: Farsæld til framtíðar

**Þriðja stoðin í íslensku atvinnulífi**  
Samtök upplýsingatækniyrirtækja á Tækni og viti

**Vaxtarsprotinn 2007**  
Sprotafyrirtækjum veitt viðurkennig fyrir árangur síðasta árs


**Sprotatorg**  
Kynningarsvæði SI og SSP á Tækni og viti

Nánari upplýsingar á [www.si.is](http://www.si.is)



Samtök iðnaðarins

Geymdu það ekki til morguns sem við getum gert í dag.



75% af allri flugfrakt frá Evrópu á sér uppruna á afmarkaða svæðinu.

# Liège

## - beint fraktflug I I sinnum í viku

Icelandair Cargo býður beint fraktflug I I sinnum í viku til og frá Liège í Belgíu.

Icelandair Cargo í Liège er í innan við 400 km fjarlægð frá mörgum af stærstu borgum í Evrópu og býður landflutninga hvaðan sem er í álfunni.

Nýttu þér hraðvirkasta flutningsmátann innan Evrópumarkaðar.

Hafðu strax samband við Icelandair Cargo við Flugvallarveg í Reykjavík.  
Sími 5050 400, fax 5050 630, veffang [icelandaircargo.is](http://icelandaircargo.is).

Eins  
og  
skot

ICELANDAIR  
CARGO









## SAMNINGATÆKNI

## Gerðu fyrsta tilboðið!\*

\*ef þú þekkir markaðinn

„Á ég að nefna fyrstu töluna, eða ætti ég að láta hinum það eftir?“ Þessi spurning sprettur upp í stórum og smáum samningaviðræðum og þjóðsagan er sú að það borgi sig að láta mótaðilann um að opna viðræðurnar. Þetta er angí af spurningunni: „Hvaða verð og skilmála eru samningsaðilar mínir tilbúnir til að sætta sig við?“ Í raun er tvenns konar nálgun möguleg. Það er hægt að biða og sjá hvaða tilboð kemur yfir borðið eða það er hægt að „varpa akkeri“, eins og það er kallað í slangurorðabók samningatækninnar. Þegar kaupandi nefnir fyrstu töluna verður hún að „botni“ og þegar seljandi nefnir tölu þá verði hún að „baki“ í viðræðunum. Þannig lendir kaupandinn í þeirri aðstöðu að semja um verð fyrir ofan það sem hann nefndi og seljandinn í því að semja neðan við það verð sem hann setti fram. Þess vegna, segja sumir samningamenn, ætti alltaf að varast að nefna fyrstu töluna! Galinsky og Mussweiler gerðu hins vegar athugun sem benti mjög eindregið til þess að sá sem nefndi fyrstu töluna, hvort sem það væri kaupandi eða seljandi, næði mun betri árangri en samningsaðilinn. Þeir gengu út frá því að ef seljandi nefnir verð þá væri það hámarkið sem kaupandinn myndi draga hann niður úr og ef kaupandi nefnir verð þá muni hann alltaf þurfa að semja „upp“. En það athyglisverða í rannsókninni var að fylgnin á milli fyrsta tilboðs og endanlegs

verðs var  $r = 0,85$ , sem er geysihá fylgni og sýnir að fyrsta tilboðið er ráðandi fyrir lokaniðurstöðu (það skýrir 72% í dreifingu lokaniðurstöðu). Þessar rannsóknir eru m.a. studdar af rannsóknunum Nóbelsverðlaunahafanna Tversky og Kahneman. Á manna máli þýðir þetta að fyrsta tilboðið verður að „akkeri“ fyrir viðræðurnar – kaupandinn er ekki dreginn hátt upp og seljandinn ekki langt niður. Segjum að þú sættir þig við að kaupa fyrirtæki fyrir 100 milljónir en þú opnar með sannfærandi hætti á 50 milljónum. Allar líkur eru á að samningarnir muni snúast um verð sem væri á milli 50 og 70 milljónum. Þá vaknar

eðlilega næst sú spurning hvort maður móðgi ekki samningsaðilann með því að byrja allt of lágt eða allt of hátt – eftir því hvoru megin borðsins maður er. Leigh L. Thompson hefur spurt stjórnendur í Bandaríkjunum hvort þeir yrðu móðgaðir ef þeir fengju mjög afgerandi fyrsta tilboð. Hún fann út að áhyggjur af því að móðga samningsaðilann með sterkri opnun voru mjög ofmetnar – sérstaklega ef tilboðin virtust vera sæmilega vel rökstudd og hafa vísan í einhvers konar hlutlæg viðmið og sanngirnisrök. Niðurstaða hennar var að afgerandi fyrsta tilboð fengi fólk til að velta fyrir sér hvort upphaflegt mat þess væri rangt

og að líklega þyrfti það að gefa eftir. Hér skiptir að sjálfsögðu einnig máli hversu vel þekkt verð eru á markaðnum fyrir viðkomandi „vöru“.

Þær þumalputtareglur sem taka má úr þessum rannsóknum eru þessar: 1) Gerðu fyrsta tilboðið, 2) Gættu þess að hafa samningssvigrúm (þ.e. gera tilboð sem gefur þér kost á að gefa eftir en ná engu að síður góðum árangri), 3) Settu fram hlutlæg rök og sanngirnisrök fyrir tilboðinu, 4) Ekki nefna bil – nefndu eina tölu eða skilmála og stattu með sjálfum þér, 5) Bíddu eftir móttilboði og alls ekki gefa eftir fyrr en móttilboð hefur borist, 6) Ef samningsaðili þinn setur fram

fyrsta tilboðið – láttu það þá ekki verða að viðmiði í viðræðunum. 7) Undirbúðu alltaf þitt fyrsta tilboð og hafðu það sem þitt „akkeri“, jafnvel þó að fyrsta tilboðið komi frá samningsaðila þínum, 8) Það skiptir ekki máli í hvaða bransa þú ert – þekktu markaðinn betur en samningsaðili þinn!

Aðalsteinn Leifsson  
lektor kennir samningatækni og alþjóðavískafræði í Háskólanum í Reykjavík og Stjórnendaskóla HR.



## ERTU MEÐ...

## ÞITT EINTAK?

Pantaðu fleiri eintök á [www.odd.is](http://www.odd.is)  
eða hringdu í 515 5000

PRENTLAUSNIR 2007



Þú velur vinnsluhraða.

Aldrei fljótlegra að kaupa prentverk.

Verð á yfir 1000 prentlausnum.



Prentsmiðjan Oddi ehf. • Höfðabakka 3-7 • 110 Reykjavík • Sími 515 5000 • [www.odd.is](http://www.odd.is)

## SPÁKAUPMAÐURINN

## Heill ykkur meistarar

Hverjir eru þeir sem með blóði, svita og tárur gera manni eins og mér kleift að vakna seint á morgnana og liggja þess á milli með fartölvuna á maganum uppi í sófa? Það eru blessaðir bankastjórnarnir.

Ég er svo barmafullur af þakklæti eftir uppgjörin að mér er næstum sama hvernig handboltalandsliðinu muni ganga. Allir eru bankarnir að skila uppgjörum sem eru svo traust að ég hef engar áhyggjur af eigin taugakerfi næstu misserin. Ég er reyndar með býsna sterkt taugakerfi, en mér sýnist grunnurinn í uppgjörinum þannig að taugasjúklingar geta vel við unað.

Lansinn hefur gert brílljant hluti á innlánaðliðinu í London. Ég vona bara að viðskiptavinirnir séu ekki fólk eins og ég. Ég set stundum mikla peninga í banka, en tek þá hratt út ef ég sé önnur tækifæri. Ég hef ekki lagt inn hjá Lansanum í Bretlandi, sé nóg af öðrum tækifærum, ef einhverjum kynni að finnast það merki þess að eigendur sparifjár í Lansanum í London hugsu til lengri tíma en ég.

Ég segi eins og Groucho Marx. „Ég get ómögulega þegið að vera meðlimur í klúbbi sem vill hafa mig sem meðlim.“

Uppgjörin segja mér hins vegar að maður getur verið rólegur með stöður í bönkunum, jafnvel þótt þeir eigi eitthvað eftir að hrossast á markaðnum á árinu. Svoleiðis hross er bara hollt fyrir meltinguna. Þangað til sef ég út og beini morgunbæninni til bankastjórnanna: Heill ykkur meistarar!

Spákaupmaðurinn á horninu



## Gerðu verð- og gæðasamanburð áður en þú fjárfestir í fartölvu.

Öllum tölvunum fylgir ókeypis fartölvutaska.



**ZEPTO 4015SE**  
**Fjölhæf og þolgóð**  
15" XGA skjár  
1,5 Ghz Intel Celeron 1MB örgjörvi  
512 MB DDR2 vinnsluminni  
80 GB harður diskur  
Innb. DVD skrifari, þráðl. netkort o.fl.  
Allt að 5 klst. rafhlöðuending

LISTAVERÐ:  
KR. 99.900,-

**MÁNAÐARGREIÐSLA:**  
KR. 2.886,-  
pr./mán. í 48 mánuði



**ZEPTO 6015WD**  
**Gæðagripur**  
15,4" WXGA+ 1280x800 skjár  
1,8 Ghz Intel Core 2 Duo örgjörvi  
1 GB DDR2 vinnsluminni  
Intel Centrino DUO tækni  
80 GB 7200 rpm harður diskur  
Innb. vefmyndavél, Bluetooth,  
Innbyggð 54 mbps  
þráðlaust netkort,  
míniskortalesari,  
Dual-Layer DVD  
brennari o.m.fl.

LISTAVERÐ:  
KR. 149.900,-

**MÁNAÐARGREIÐSLA:**  
KR. 4.330,-  
pr./mán. í 48 mánuði



**ZEPTO 6214W**  
**Kraftmikil og nett**

14,1" WXGA 1280 x 800 skjár  
1,83 Ghz Intel Core Duo T2400 örgjörvi  
1 GB DDR2 vinnsluminni  
80 GB SATA Hitachi harður diskur  
Innbyggð 54mbps þráðlaust netkort,  
Bluetooth, míniskortalesari.

LISTAVERÐ:  
KR. 159.900,-

**MÁNAÐARGREIÐSLA:**  
KR. 4.619,-  
pr./mán. í 48 mánuði

AUKAHLUTASETT  
FYLGRIR FRITT\*



## TÖLVUSKJÁIR • PRENTARAR • FJÖLNOTATÆKI

SKRIFSTOFUTÆKI



**SAMSUNG**  
**SyncMaster 970P**  
19" skjár  
Upplausn 1280 x 1024  
Ljós magn 250cd/m2  
Skerpa 1000:1  
Svartími 6 ms  
Litafjöldi 16.7 milljónir  
Litur Hvítur háglans

VERÐ: 59.900,-



**SAMSUNG**  
**SyncMaster 940N**  
19" skjár  
Upplausn 1280 x 1024  
Ljós magn 300 cd/m2  
Skerpa 700:1  
Svartími 8 ms  
Litafjöldi 16.2 milljónir  
Litur silfur

VERÐ: 33.900,-

## LASER PRENTARAR Á VERÐI SEM ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ FYRR:



FJÖLNOTATÆKI

ÁÐEINS  
**24.900,-**

**SAMSUNG SCX-4200**  
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur  
Prenthraði: 18 bl./mín.  
Upplausn: 600x600dpi  
**Skanni og ljósritun:**  
Upplausn: 600x2400dpi  
(max. 4800x4800dpi)  
Pappírskakki inn: 250 blöð  
Stuðningur: Windows, MacOS, Linux  
Tenging: USB 2.0



LITA-LASER

ÁÐEINS  
**39.900,-**

HEIMSINS MINNSTI OG LÉTTASTI LITA-LASER PRENTARI  
Tilvalinn bæði á skrifstofuna og á heimilið!

**SAMSUNG CLP-300N**  
Prentari: Litalaserprentari  
Prenthraði: 16 bl./mín. í svarthvítu,  
4 bl./mín. í lit  
Upplausn: 2400x600dpi  
Pappírskakki inn: 150 blöð  
Stuðningur: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux  
Tenging: USB 2.0 og Ethernet 10/100 Base  
Stærð B: 39 x D: 34 x H: 26 cm



TILBOÐSVERÐ  
**29.900,-**

**SAMSUNG ML-3051N**  
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur  
Prenthraði: 28 bl./mín.  
Upplausn: 1200x1200dpi  
Pappírskakki inn: 250+50 blöð  
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux  
Hermun: PostScript3, PCL6, IBM ProPrinter, Epson  
Tenging: USB 2.0, Parallel, Ethernet 10/100 Base TX

## SKRIFSTOFUTÆKI sem gera vinnuna ánægjulegri og verkin vandaðri.



**SHARP AM-400**  
• 12 eintök á mínútu  
• Afrita- og frumritastærð stærst A4  
• Minnkun & stækkun 25% - 400%  
• Sjálfvirk lýsing afrita  
• Sérstök ljósmyndastilling  
• 250 blaða pappírskúffa  
• 600 x 600 dpi upplausn í  
• prentun /ljósritun og skönnun  
• Laserprentari  
• Litaskanni  
• Fax G3 super modem 33,6 Kbps  
**Kr. 49.900**



**SHARP AR-M160D**  
Prentari/litaskanni/ljósritunarvél  
• 16 eintök á mínútu  
• Ljósritar/prentar á stærst A3  
• Minnkun-stækkun: 50-400%  
• Sjálfvirk lýsing afrita  
• Sérstök ljósmyndastilling  
• 100 blaða framhjámatari  
• 250 blaða pappírskúffa  
• Innbyggður litaskanni 600x1200 punktar  
• Ljósritar/prentar á 56-200gr pappír  
\*Frumritamatari á mynd ekki innifalinn í tilboðsverði  
**Kr. 124.900**

**SHARP**<sup>®</sup>

**ORMSSON**

Þú gengur að gæðunum vísum!





# LÍTIL LÖND STÓR TÆKIFÆRI

RÁÐSTEFNA UM VIÐSKIPTI FÆREYJA OG ÍSLANDS  
Í SALNUM Í KÓPAVOGI FIMMTUDAGINN 1. FEBRÚAR  
KL. 08:30 - 11:00

Í tilefni af komu viðskiptasendinefndar frá Færeyjum hingað til lands verður haldin ráðstefna um viðskipti Íslands og Færeyja í **Salnum í Kópavogi fimmtudaginn 1. febrúar**. Meginefni ráðstefnunnar er fríværslunarsamningur landanna sem nýlega tók gildi og þau tækifæri til aukinna viðskipta sem felast í honum.

Ráðstefnan er öllum opin en áhugasamir eru beðnir að skrá þátttöku hjá Útflutningsráði í síma 511 4000 eða með tölvupósti, [utflutningsrad@utflutningsrad.is](mailto:utflutningsrad@utflutningsrad.is)

## Ræðumenn:

**Tróndur Djurhuus**, framkvæmdarstjóri Faroese Telecom International.

**Pétur Björnsson**, stjórnarformaður Ísfells.

**Jóhannes Jónsson**, forstjóri Bónus.

**Jóannes Eidesgaard**, lögmaður Færeyja.

**Geir Haarde**, forsætisráðherra Íslands.

**Martin Eyjólfsson**, sendifulltrúi á Viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

**Björn Harlou**, yfirdýralæknir í Færeyjum.

**Þorvaldur H. Þórðarson**, dýralæknir inn- og útflutnings.



Ráðstefnustjóri er **Vilhjálmur Egilsson**, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

## Dagskrá:

- 08:30** Morgunkaffi.
- 09:00** **Kjartan Kristiansen**, forstjóri Menningarstovunnar/Faroe Islands Trade Council, býður ráðstefnugesti velkomna.
- 09:05** Setningarávarp, **Jóannes Eidesgaard**, Lögmaður Færeyja.
- 09:10** Ávarp **Geir Haarde**, forsætisráðherra Íslands.
- 09:15** Stutt ávörp sérfræðinga ráðstefnunnar: **Martin Eyjólfsson, Björn Harlou, Þorvaldur H. Þórðarson.**
- 09:25** **Tróndur Djurhuus**, framkvæmdarstjóri Faroese Telecom International. Persónulegar hugleiðingar um framtíðarsamstarf Íslands og Færeyja einkum á sviði upplýsinga- og samskiptatækni.
- 09:55** **Pétur Björnsson**, stjórnarformaður Ísfells, segir frá reynslu sinni á sviði útgerðarsamstarfs landanna tveggja, og framtíðarsýn.
- 10:20** **Jóhannes Jónsson**, forstjóri Bónus, talar um reynslu sína á sviði matvöruverslunar og samstarf þjóðanna.
- 10:40** Fyrirspurnir og umræður að loknum erindum.
- 10:45** Samantekt, Vilhjálmur Egilsson.
- 11:00** Ráðstefnulok.



Hin árlega stórsýning á  
fasteignum á Spáni:

# LÁTTU DRAUMINN RÆTAST 2007

Í Perlunni 3-4. febrúar kl. 12-18

Pú getur unnið  
flugferð til  
**Alicante**  
með Plúsferðum!



**Ókeypis  
skoðunarferð!**  
— ef þú kaupir  
— ferðin er endurgreidd við afsal á notaðri  
íbúð og við kaupsamning á nýrri



## DAGSKRÁ Í FUNDARSAL BÁÐA DAGANA

**Kl. 13:00**

### Íbúðir fyrir fyrir 55 ára og eldri

- Kynntar verða nýjar lúxusíbúðir sem eru sérhannaðar að þörfum Íslendinga.
- Byggingaraðlinn Grupo Esfera hefur í samvinnu við Gloria Casa fengið Guðmund Gunnlaugsson Arkitekt til að hanna einstaka nýjung á Spáni.
- Fulltrúar Grupo Esfera, Gloria Casa og Guðmundur Gunnlaugsson kynna íbúðirnar.

**Kl. 14:30 og kl. 16:30**

### Hvernig ganga fasteignakaup fyrir sig á Spáni?

- Fjármögnunarleiðir við kaup.
- Um Torrevieja svæðið
- Kaupferlið, skref fyrir skref.
- Spurningum svarað

Samstarfsaðilar:



Caja de Ahorros  
del Mediterráneo



**gloria casa**

Fasteigna- og leigumiðlun Íslendinga á Spáni

Síðumúla 13 – Sími 517-5280

[www.gloriacasa.is](http://www.gloriacasa.is)

**heimili**  
FASTEIGNASALA

Síðumúla 13 – Sími 530-6500

[www.heimili.is](http://www.heimili.is)

## Suðrænt yfirbragð verður í Perlunni um helgina þar sem sérfræðingar munu kynna fasteignir á Torrevieja svæðinu

### LÁNAMÖGULEIKAR

Hrafnhildur Eiríksdóttir, útibústjóri Cam Sparisjóðsins kynni lánamöguleika og þjónustu bankans.

### NÝBYGGINGAR TIL SÖLU

Fulltrúar Escudero Promotores og Grupo Esfera kynna ýmsar nýbyggingar til sölu.

### PLÚSFERÐIR

Plúsferðir kynna flugferðir sínar til Alicante og annarra áfangastaða.

### SUMARHÚS TIL LEIGU

Leigumiðlun Gloria Casa kynni sumarhús til leigu á Torrevieja svæðinu.

### ÚRVAL NOTAÐRA OG NÝRRRA FASTEIGNA

Mikið úrval eigna verður kynnt víðsvegar í kringum Torrevieja svæðið.

### LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF

Janice Bendelow, starfsmaður Gloria Casa á Spáni er til viðtals fyrir þá sem vilja lögfræðilegar upplýsingar er varðar kaup á eignum á Spáni.

**VELDU ÖRYGGI!**

Vertu öruggur um þín viðskipti og keyptu þar sem starfa saman fjórir löggiltir íslenskir fasteignasalar og tveir löggiltir spænskir fasteignasalar.

Íslendingar taka á móti þér hvar sem þú ferð, hvort sem er á skrifstofu á Íslandi, Spáni eða í bankanum á Spáni.

## BANKA HÓLFID



### Lars varar við bjartsýni

Lars Christensen varaði við því að Danir væru of bjartsýnir og vanmætu Íslendinga. Þessi Lars Christensen talaði úr herbúðum danska handboltalandsliðsins og mælti þar af skynsemi. Alnafni hans, hagfræðingur hjá Danske Bank, stóð upp fyrir tæpu ári og var þá ómyrkur í máli og varaði við of mikilli bjartsýni á íslenska bankakerfið og efnahagslífið. Sá Lars situr nú í súpunni og nánast allar hans spár enn sem komið er verið þannig að þeir sem fylgt hafa rágjöfinni geta varla verið kátir. Bankauppgjörin nú eru tæpast til þess fallin að gera hrakspárnar líklegri, en Lars getur huggað sig við að enn sem komið er skilar Danske Bank meiri hagnaði en nokkur íslenskur banki.

### Væntingarnar meiri en í fyrra

Væntingar íslenskra neytenda voru meiri í janúar í ár en í fyrra, sem var áður en erlendrar bölsýnisspár um íslenska hagkerfið og bankana tröllriðu fjölmiðlum. Væntingavísitala Gallup mælist 128,6 stig og hefur reyndar lækkað örlítið frá því í desember, eða um tíu stig. Það er lítil lækkun sem hugsanlega má skrifa á janúardruna landsmanna. Athygli vekur að þeir sem hafa 250 til 399 þúsund krónur í mánaðarlaun bera minni vonir í brjóstunum um framtíðina heldur en bæði þeir sem meira þéna og minna. Spurningin er hvort þetta sé ekki einmitt hópurinn sem hefur verið hvað duglegastur við að skulðsetja sig í neyslugleði þenslunnar sem skilar sér í svartsýninni nú.

### Kýr slá líka Íslandsmet

Það voru ekki aðeins íslensku viðskiptabankarnir sem slógu hvert afkomumetið á fætur öðru á síðasta ári. Íslensku kýrnar virðast síst eftirbátar bankanna enda mjólkuðu þær sem aldrei fyrr á liðnu ári.

Í Bændablaðinu sem kom út í vikunni er fjallað um niðurstöður úr skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar í fyrra. Þar kemur fram að skýrslufærðar kýr hafa ekki verið fleiri í landinu í hundrað ár. Afurðir kúnna jukust um 102 kíló á milli ára og skilaði meðalkýrin 5.383 kílóum af sér í fyrra.

Blúnda 468 á Helluvaði á Rangárvöllum trónir á toppnum yfir afurðamestu kusurnar en hún skilaði 13.327 kílóum af mjólk í fyrra þrátt fyrir að hafa verið geld á fyrsta mánuði síðasta árs.

**40,2** milljarða króna hagnaður Landsbankans á síðasta ári.

**1,8** milljarðar króna sem Björgólfsfeðgar fá greiddar í arð verði tillaga bankastjórnar Landsbankans samþykkt á aðalfundi í febrúar.

**7000** stiga múrinn sem úrvalsvísitalan rauf á mánudaginn.

## VIÐSKIPTAPING 2007

# ÍSLAND, BEST Í HEIMI?

ALPJÓÐLEGT ORÐSPOR OG ÍMYND

Á NORDICA HÓTELI MIÐVIKUDAGINN 7. FEBRÚAR 2007 KL. 13:30 - 16:30

- 13:00** SKRÁNING
- 13:30** RÆÐA FORMANNS VÍ  
ERLENDUR HJALTASON, FORSTJÓRI EXISTA
- 13:50** COMPETITIVE IDENTITY OF ICELAND  
SIMON ANHOLT, SÉRFRÆÐINGUR Í ÍMYNDARMÁLUM ÞJÓÐA
- 14:50** KAFFIHLÉ
- 15:20** AFHENDING NÁMSSTYRKJA VÍ  
ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR, MENNTAMÁLARÁÐHERRA
- 15:30** RÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA  
GEIR H. HAARDE
- 15:50** VIÐBRÖGÐ VIÐSKIPTALÍFSINS  
UMRÆÐUR UNDIR STJÓRN EVU MARÍU JÓNSDÓTTUR
- 16:20** HVERNIG VERÐUR ÍSLAND BEST Í HEIMI?  
HALLA TÓMASDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI VÍ
- 16:30** MÓTTAKA Í BOÐI VIÐSKIPTARÁÐS



**ERLENDUR HJALTASON**  
FORSTJÓRI  
EXISTA



**SIMON ANHOLT**  
SÉRFRÆÐINGUR  
Í ÍMYNDARMÁLUM



**ÞORGERÐUR K. GUNNARSDÓTTIR**  
MENNTAMÁLARÁÐHERRA



**GEIR H. HAARDE**  
FORSÆTISRÁÐHERRA



**HALLA TÓMASDÓTTIR**  
FRAMKVÆMDASTJÓRI  
VIÐSKIPTARÁÐS



**JÓN KARL ÓLAFSSON**  
FORSTJÓRI  
ICELANDAIR GROUP  
FUNDARSTJÓRI



**EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR**  
DAGSKRÁR-  
GERÐARMÁÐUR  
UMRÆÐUSTJÓRN

### VIÐBRÖGÐ VIÐSKIPTALÍFSINS:



**LÝÐUR GUÐMUNDSSON**  
STJÓRNARFORMAÐUR  
EXISTA OG  
BAKKAVÖR GROUP



**SVAFA GRÖNFELDT**  
REKTOR  
HÁSKÓLANG  
Í REYKJAVÍK



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**  
FORSTJÓRI  
BAUGUR GROUP



**RÓBERT WESSMAN**  
FORSTJÓRI  
ACTAVIS



# Framúrskarandi!



SPRON Verðbréf  
Peningamarkaðssjóður SPRON  
**15,2% ávöxtun\***

**spron**  
VERÐBRÉF

\*Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 01.09.2006 til 01.01.2007.